

Jakob Orri Jónsson, Svavar Níelsson og Steinunn Kristjánsdóttir

Grafið í rústir Þingeyraklausturs

Áfangaskýrsla 2022



Reykjavík 2023

Efnisyfirlit

Útdráttur	9
Abstract	9
1 Forsaga rannsókna	1
1.1 Ágrip af sögu Þingeyraklausturs	1
1.2 Fyrri rannsóknir.....	4
2 Stjórnsýsla og fjármögnun	1
3 Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi	3
4 Stærð og umfang uppgrافتar	5
4.1 Svæði D.....	5
4.2 Svæði E	10
5 Lýsing mannvirkja	15
5.1 Kirkjugarðsveggur [26047].....	15
5.2 Torfhleðsla [28832].....	16
5.3 19. aldar bygging.....	17
5.4 Gröf 15	18
5.5 Mögulegar grafir [28623] og [28598].....	21
6 Fundir	23
6.1 Ál.....	25
6.2 Bein	25
6.3 Blý.....	26
6.4 Gjall.....	26
6.5 Gler	26
6.6 Gull	27
6.7 Járn.....	28
6.8 Keramik.....	29
6.9 Kopar.....	30
6.10 Leður	30
6.11 Raf.....	30
6.12 Skeljar	30
6.13 Steinar	31
6.14 Textíll.....	31
6.15 Viður- og viðarkol.....	31
7 Landslag, gróður og jarðgrunnur	33
8 Miðlun	35
9 Túlkun og framhald rannsókna	37
Heimildaskrá	39
Jarðlagaskrá	41
9.1 Jarðlög á svæði D.....	41
9.2 Jarðlög á svæði E	43

Fundaskrá	46
Sýnaskrá	64
Ljósmyndaskrá	65
Viðauki 1	83
Viðauki 2	91
Viðauki 3	95
Aðferðir	95
Greining.....	96
Niðurstöður	98
Heimildaskrá.....	98
Viðauki 4	99

Myndaskrá

Mynd 1: Teikning Runólfs Björnssonar af bæjarhúsum, kirkju ok kirkjugarði á Þingeyrum frá því fyrir 1850	3
Mynd 2: Yfirlitskort yfir uppgraftarsvæðin	5
Mynd 3: Niðurstöður jarðsjármælinga á vegum Grampus Heritage and Training Ltd	4
Mynd 4: Yfirlitsmynd af uppgraftarsvæðunum, tekin með flygildi	4
Mynd 5: Yfirlitsmynd yfir svæði D, tekin með flygildi	6
Mynd 6: Steinahrúga efst í fyllingu [26658] grafar 15.	7
Mynd 7 Mynd 8: Flæðirit yfir einingar á svæði D	8
Mynd 8 Teikning af svæði D eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2022.	9
Mynd 9 Yfirlitsmynd yfir svæði E eins og það leit út í lok uppgraftartímabils, tekin með flygildi.	10
Mynd 10: Flæðirit yfir einingar á svæði E.	11
Mynd 11: Svæði E áður en byrjað á að grafa upp móöskulag [26852].	12
Mynd 12: Svæði E í lok vettvangsvinnu 2022. Ljósbrúnu lögin sýna lög sem voru ekki mæld inn.	12
Mynd 13: Kirkjugarðsveggur [26047].	15
Mynd 14: Torfhleðsla [28832].	16
Mynd 15: Torfhleðsla [26565] í 19. Aldar byggingunni.	17
Mynd 16: Teikning af líkamsleifum í gröf 15.	18
Mynd 17: Innsiglihringur (2022-6-286) sem fannst í gröf 15, í hann eru grafnir stafirnir OM og G.	19
Mynd 18: Mögulegar grafir [28623] og [28598]. Horft er til vesturs.	21
Mynd 19: Dreifing gripa á svæði E.	23
Mynd 20: Dreifing gripa á svæði D.	24
Mynd 21: Bein (2022-6-9) með borgötum.	25
Mynd 22: : Blybrot (2022-6-80).	26
Mynd 23: Málað glerbrot (2022-6-95), líklega úr vasa eða drykkjarglasi	26
Mynd 24: Gullhringur (2022-6-284) úr gröf 15.	27
Mynd 25: Ígrafinn gullhringur (2022-6-285) úr gröf 15.	27
Mynd 26: Þollur (2022-6-11).	28
Mynd 27: Brot úr Westerwald steinleirsílati (2022-6-242).	29
Mynd 28: Ógreinanlegt koparbrot og koparþynna með naglgötum (2022-6-8).	29
Mynd 29: : Leður skósóli (2022-6-210).	30
Mynd 30: : Hnappur úr olíuleirskífu (2022-6-115).	31
Mynd 31: Möguleg bænaperla úr rafi (2022-6-165).	31

Þakkir:

Valgerði Valsdóttur og fjölskyldu er þakkað fyrir að leyfa uppgröft á jörð sinni en líka fyrir einstaka gestrisni og velvild. Stefáni Pálssyni gröfumanni frá Blönduósi er þakkað fyrir vandaða vinnu. Ólafi Helga Jóhannssyni hjá Thrifty bílaleigu er einnig þakkað.

Uppgröfturinn fór fram fyrir fjárframlag úr Rannsóknasjóði, öndvegisstyrkur nr. 228576-051, og sjóðnum Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM).

© Reykjavík: höfundar, 2023

Forsíðumynd: Gullhringur (2022-6-285) sem fannst í gröf 15. Í hann er grafið „Two bodies one hart“.

Grunnupplýsingar:**Rannsóknarnúmer**

201502-0039

Þjóðminjasafnsnúmer

2022-6

Nr. fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

Þingeyrar 144733 169-4. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga (2006). Fornleifaskrá Þingeyra. Rannsóknarskýrslur 2006/50. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Stutt lýsing rannsóknar

Rannsókn á rústum Þingeyraklausturs í tengslum við verkefnið *Samspil manns og náttúru*

Tegund rannsóknar

Vísindarannsókn

Staðsetning

Þingeyrar, Húnaþingi, Norðurlandi

GPS hnit

SV: 562370.621, 435204.572

NV: 562381.742, 435208.812

SA: 562367.163, 435213.853

NA: 562378.422, 435218.076

Rannsóknartími

2. til 26. ágúst 2022

Leyfishafi

Prófessor Steinunn Kristjánsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Atta starfsmenn: Fjórir fornleifafræðingar og fjórir grunnnámsnemar



Útdráttur

Uppgrefti var haldið áfram á rústum Þingeyraklausturs í ágúst 2022 en það var fjórða sumarið sem fornleifauppgröftur á þeim átti sér stað. Uppgrefti á svæði E var haldið áfram. Kirkjugarðsveggurinn, sem fannst sumarið 2021, kom betur í ljós en einnig áður óþekkt torfhleðsla frá klausturtíma. Svæði D var sömuleiðis opnað á ný og einblínt á syðsta hluta þess. Auk rústa 19. aldar byggingar fundust þar nokkrar grafir en aðeins ein þeirra, gróf 15, var grafin upp og reyndist hún vera frá 18. öld.

Abstract

In August 2022, excavation was continued on the ruins of the monastery at Þingeyrar, but this was the fourth summer that excavations took place there. Excavation in area E was continued where they had been left off from the year before. A larger portion of the fence around the graveyard was revealed but also a previously unknown turf wall that may originate from the time of the monastery. Area D was reopened and focus put on its southern part. In addition to the ruins of a 19th century structure, a number of graves were revealed in area D. However, only one of them, grave 15, was excavated and turned out to be from the 18th century.

1 Forsaga rannsóknar

Sumarið 2022 var fjórða sumarið sem grafið var á Þingeyrum í Húnaþingi, en líkt og árið 2021 var uppgröfturinn hluti af stærra verkefni sem snýr að rannsókn á ritmenningu í Þingeyraklaustri. Stjórnendur þess verkefnis eru Steinunn Kristjánsdóttir og Gottskálk Jensson. Þetta sumarið var uppgröfturinn einnig hluti af verkefninu *Samspil manns og náttúru*, sem stjórnað er af Steinunni. Markmið verkefnisins er að breikka þá þekkingu sem er þegar til staðar um klausturlífnað og handritagerð á Þingeyrum, með sérstakri áherslu á vistfræði staðarins.

1.1 Ágrip af sögu Þingeyraklausturs

Ítarlega var farið yfir sögu Þingeyra og Þingeyraklausturs í fyrri skýrslum (Steinunn Kristjánsdóttir, 2018; Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Verður hér því stiklað á stóru. Í skýrslunni frá 2020 er farið yfir byggingarsögu klaustursins (Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020) og í skýrslunni fyrir uppgraftartímabilið 2021 er farið yfir byggingarsögu Þingeyra eftir að klaustrið var lagt af (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).


Ekki er að fullu ljóst hvenær Þingeyraklaustur var stofnað en talið er að kirkja hafi verið reist á Þingeyrum árið 1112 með það að markmiði að þar væri síðar stofnað klaustur. Fyrsti ábótinn tók hins vegar ekki til starfa fyrr en 1133 (Gunnar Karlsson, 2008, bls. 159–167). Ekki er víst hvort kirkjan frá 1112 hafi þjónað klaustrinu eða hvort önnur kirkja hafi verið reist síðar sérstaklega fyrir það. Forkannanir benda hins vegar til þess að jarðsett hafi verið að kristnum sið frá því um aldamótin 1000 í túninu norðan og austan við núverandi bæjarstæði á Þingeyrum en í könnunarskurði þar fundust árið 2017 bein úr yfir 20 einstaklingum frá þeim tíma. Aftur á móti hafa rústir svo gamallar kirkju ekki enn fundist á Þingeyrum. Jarðsett var síðan í kirkjugarðinum allt fram á 20. öld en ný kirkja á nýju kirkjustæði var reist á Þingeyrum seint á 19. öld (Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser, 2017; Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022). Loks var farið var yfir þær rituðu heimildir sem til eru um útlit og gerð bygginga Þingeyraklausturs í áfangaskýrslu 2021 og í viðauka birt úttekt á staðnum frá 1684 (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

Vitað er að á meðan Þingeyraklaustur var í rekstri fór þar fram umsvifamikil handritagerð og hafa þó nokkur handrit sem rituð voru þar varðveist (Gottskálk Jensson, 2021). Þingeyraklaustur var að lokum lagt af í kjölfar siðaskiptanna árið 1551 og varð það, auk alls jarðagóss þess, að eign

konungs. Tók þá við tími klausturhaldara sem unnu sem umboðsmenn hans og sáu um þeir klausturjarðirnar. Margir þeirra bjuggu í þeim húsum sem þegar stóðu á klausturstöðunum en alls ekki allir (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 36–37; Steinunn Kristjánsdóttir, 2022, bls. 92–94).

Fyrsti klausturhaldari Þingeyraklausturs, Sveinn Finnbogason, var skipaður 13. mars 1545, þrátt fyrir að til lokunar klaustursins hafi ekki komið fyrr en sex árum seinna (DI XI, bls. 378). Ekki er vitað til þess að hann hafi nokkurn tíma tekið til starfa, enda þótt skipunarbréfið sé til. Sama dag og fyrsti klausturhaldarinn var settur yfir Þingeyraklaustur kvittaði Kristján II Danakonungur fyrir móttöku silfurs úr kirkjum og klaustrum úr Hólabiskupsdæmi (DI XI, bls. 378–379). Árið 1551 staðfesti Danakonungur svo aftur móttöku á gripum og silfri úr klaustrunum að Þingeyrum, Munkaþverá og Möðruvöllum, auk slíkra gripa frá Hólabiskupsstól sjálfum sem bendir til að þessir staðir hafi þá verið meira eða minna tæmdir af lausum gripum, einkum úr góðmálmi (*Kancelliets brevbøger vedrørende Danmarks indre forhold 1551–1555*, 1885–1886, bls. 83–84). Ítarlega var farið yfir afhendingu verðmæta úr klaustrinu í grein um lokun íslensku klaustranna sem út kom 2021 (sjá Steinunn Kristjánsdóttir 2021, bls. 89–91).

Ekki er vitað hversu miklar breytingar voru gerðar á klausturhúsunum á Þingeyrum eftir að klausturhaldarar tóku við, sérstaklega í ljósi þess hve lítið er vitað um þau frá klausturtíma. Til eru úttektir á húsakosti Þingeyra frá árunum 1684, 1704, 1737, 1776, 1778, 1782 og 1783, auk úttekta á eignum og gripum árin 1525 og 1552. Í úttektinni frá 1684 eru talin upp 46 hús af ýmsum gerðum. Talið er að einhver hluti þessara húsa hafi tilheyrt klaustrinu og að kirkjan sem stóð 1684 sé sú sama og þjónaði klaustrinu, örlítið breytt þá, því kirkjan var minnkuð árið 1619 að undirlagi Páls Guðbrandssonar, þáverandi klausturhaldara (Gottskálf Jenson, 2022, bls. 275–279, 289–291). Gert er ráð fyrir að hann hafi verið að hlýða skipun konungs en strax árið 1560 hafði hann krafist þess að klausturkirkjur skyldu rifnar þar sem þær þóttu of stórar og dýrar í rekstri, enda hlutverk þeirra breytt (Vestfjarðarannáll elzti, bls. 56; Vestfjarðarannáll yngri, bls. 101; DI XIII, bls. 480–481). Klausturhúsin kunna því að hafa staðið að hluta fram til aldamóta 1700 þegar kirkja og hús á Þingeyrum voru endurbyggð af þáverandi klausturhaldara Lauritz Gottrup (Ólafur Gíslason, 1916, bls. 59, 62–63; sjá einnig Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 8–9). Hefur með uppgreftinum verið staðfest að kirkjan, sem breytt var 1619, stóð á sama grunni og klausturkirkjan en í gólfi hennar fundust á seinasta ári grafir tveggja klausturhaldara (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir, 2015, bls. 9–12; Steinunn Kristjánsdóttir, 2018, bls. 10; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 15–16). Við uppgroft 2022 kom svo í ljós gróf þriðja klausturhaldarans (sjá kafla 5.4. Gröf 15).



Mynd 1: Teikning Runólfs Björnssonar af bæjarhúsum, kirkju ok kirkjugarði á Þingeyrum frá því fyrir 1850


Björn Olsen fékk Þingeyraklaustursumboð snemma á 19. öld og fóru Þingeyrar í einkaeigu þegar hann keypti jörðina árið 1811. Hann lét gera upp mikið af húsakosti Þingeyra. Kirkja Gottrups frá um 1700 var meðal annars rifin árið 1817 og í staðinn var byggð torfkirkja (Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 102). Sonur Björns, Runólfur, tók við jörðinni eftir andlát hans (Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Þór Magnússon og Gunnar Bollason, 2006, bls. 268). Teikning sem Runólfur gerði fyrir 1850 sýnir bæjarhúsin, kirkjugarðinn og kirkjuna í hans tíð á Þingeyrum og sést þar að kirkjugarðsveggurinn var áfastur bæjarhúsunum (mynd 1).

Árið 1877 var vígð ný steinkirkja að Þingeyrum en það var alþingismaðurinn Ásgeir Einarsson sem lét reisa hana en hann hafði flutt til Þingeyra 1861. Fyrst var jarðsett við þessa nýju kirkju árið 1914 (Guðrún Harðardóttir o.fl., 2006, bls. 270). Á túnakorti frá 1919 má sjá þessa steinkirkju með nýja kirkjugarðinum, sem og gamla kirkjugarðinn við bæjarhúsin (sjá Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 6). Árið 1915 keyptu hjónin Jón Sigurður Pálmason og Hulda Á. Stefánsdóttir Þingeyrajörðina en Hulda flutti þangað 1923. Hún segir í æviminningum sínum frá því þegar gamli kirkjugarðurinn var sléttður og gerður að túni stuttu eftir að hún flutti á staðinn (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1987, bls. 62–66). Árið 1924 stóð hins vegar enn hluti þeirra bæjarhúsa sem Björn Olsen hafði reist en það ár brunnu þau. Sluppu aðeins geymsluhús og hjallur við eldinn. Þessi hús standa enn en þau eru núna hluti af gamla bænum á Þingeyrum (Hulda Á. Stefánsdóttir, 1987, bls. 62–66; Guðrún Harðardóttir o.fl., 2006, bls. 268–269).

1.2 Fyrri rannsóknir

Fyrstu fornleifarannsóknir í landi Þingeyra voru fornleifaskráningar Brynjúlfs Jónssonar frá 1894 og 1905 (Brynjúlfur Jónsson, 1895; 1907). Eftir skráningar hans leið öld þar til að næstu rannsóknir hófust 2006, þegar fornleifaskráning fór aftur fram þar en hún var framkvæmd af Byggðasafni Skagfirðinga (Bryndís Zoëga, Guðmundur St Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, 2006). Næstir til að vinna við rannsóknir á staðnum voru fornleifafræðingar við Fornleifastofnun Íslands og Háskólann í Vín. Framkvæmdi hópurinn viðnámsmælingar að Þingeyrum 2012 í tengslum við hugsanlegt þinghald á staðnum (Coolen og Mehler, 2015). Árið 2014 hófust svo rannsóknir á rústum klaustursins á Þingeyrum. Fór vinnan fram í tengslum við verkefnið *Kortlagning klaustra á Íslandi* og byggði einkum á jarðsjármælingum og öðrum fjarkönnunum (Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2014; Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir, 2014). Árið 2015 voru síðan fyrstu könnunarskurðirnir teknir til að leita rústa klaustursins og var leitinni haldið áfram með könnunarskurðum árin 2016 og 2017 (Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir, 2015; 2016; Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser, 2017). Uppgröftur hófst svo árið 2018 með opnun tveggja aðliggjandi svæða sem gefin voru bókstafirnir A og B en þau voru seinna sameinuð sem svæði C (Steinunn Kristjánsdóttir, 2018). Árið eftir var ekki grafið en rannsókn hélt áfram með frekari jarðsjármælingum (Ómar Valur Jónasson, 2019). Árin 2020 og 2021 var uppgrefti síðan haldið áfram. Lokið var við uppgreft á svæði C árið 2021 en tvö ný svæði sem hlutu bókstafina D og E einnig opnuð (mynd 2). Ekkert var grafið á svæði D það ár en nýir könnunarskurðir teknir og ný svæði jarðsjármæld (Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir, 2020; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

Á svæði C fundust 14 grafir sem sumar reyndust vera frá á 20. öld. Ein gröf var tímasett til klausturtíma með kolefnisaldursgreiningum. Það var þá sem grafir tveggja klausturhaldara fundust. Það voru grafir þeirra Odds Stefánssonar, sem var klausturhaldari 1783 til 1803 en lést hann 1804, og Jóns Þorleifssonar, sem var klausturhaldari frá 1678 fram á dánardag árið 1683. Auk grafanna var grafin fram torfhleðsla á svæði C sem talin er vera hluti syðri langveggs klausturkirkjunnar (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 13–16).



Mynd 2: Yfirlitskort yfir uppgriftarsvæðin

Við hreinsun á svæði D komu í ljós þó nokkur mannabein í röskuðum lögum. Svæðið var þá mælt með radarjarðsjá sem sýndi merki um að margar grafir væri þar að finna. Vegna þessa var uppgrefti þar hætt en svæði E opnað á stað þar sem könnunarskurðir frá 2017 höfðu gefið til kynna að þar gæti hafa verið eldhús eða eldunaraðstaða. Svæði E er staðsett rétt vestan við kirkjugarðsvegginn en vestasta horn hans nær þó inn á uppgriftarsvæðið. Sumarið 2021 var komið niður á hann, niðurgroft fyrir rafmagnslínu frá því um síðustu aldamót og öskuhauga frá 19. eða 20. öld (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

2 Stjórnsýsla og fjármögnun


Uppgröfturinn er liður í verkefninu *Samspil manns og náttúru* sem er fjármagnað með öndvegisstyrk frá Rannsóknasjóði Rannís ásamt styrk frá verkefninu *Ritmenning íslenskra miðalda* (RÍM). Verkefninu stjórnar Steinunn Kristjánsdóttir og er það rekið með aðstoð Háskóla Íslands. Tilskilin leyfi landeiganda og frá Minjastofnun Íslands fengust fyrir rannsókninni.

3 Almennar upplýsingar og aðferðir á vettvangi

Uppgröftur á rústum Þingeyraklausturs árið 2022 fór fram dagana 2.–26. ágúst. Stjórnandi rannsóknar er sem fyrr getur Steinunn Kristjánsdóttir (SK) en yfirmenn á vettvangi voru þeir Jakob Orri Jónsson (JOJ) og Svavar Níelsson (SN). Aðrir starfsmenn voru doktorsneminn Védís Eir Snorradóttir (VES), MA neminn Delaney Lynn Dammeyer (DLD) og BA nemarnir Almar Smári Óskarsson (ASÓ), Daníel Freyr Ívarsson (DFÍ), Sigþór Bjarmi Geirsson (SBG) og Þorgerður Hjelm Daníelsdóttir (PHD). Jakob Orri sá um greiningu gripa og þá sér í lagi greiningu á leirkerum en Svavar sá um vinnslu teikninga. Svavar sá einnig um frágang, ljósmyndun og skráningugripa í Sarp ásamt Krístrúnu Kristinsdóttur (KK) sem ráðin var sérstaklega í frágang gripa.

Vélgrafa var nýtt við enduropnun svæðis D. Öll önnur vinna fór fram með handverkfærum. Einingaaðferð (e. single context recording) var beitt við uppgröft og skráningu mannvistarlaga. Einingaaðferðin felur í sér að hvert mannvistarlag er hugsað sem minjar um einstakan atburð. Hvert lag, jafnt náttúruleg jarðlög sem mannvistarlög, er skráð sem eining og henni lýst, hún er ljósmynduð og mæld með alstöð. Alstöð var notuð til að gefa hverri einingu númer sem er einstakt innan rannsóknarsvæðisins og einkennt er með hornklofum þegar vísað er til þeirra (t.d. [27211]). Samhliða skráningu eininga er þeim raðað í flæðirit (Harris Matrix) sem heldur utan um afstæða aldursröð og samhengi eininga innan rannsóknarsvæðisins. Ljósmyndun eininga fór fram með stafrænni myndavél og var þrífótur nýttur þar sem það var mögulegt. Einnig voru teknar yfirlitsmyndir með flygildi. Jafnframt var staðsetning gripa mæld upp með alstöðinni. Í lok hvers dags var mælingum svo hlaðið upp í stafræna gagnagrunninn Intrasis. Þau öskulög sem voru grafin voru öll þurrsigtuð í 5mm handsigti. Úr völdum öskulögum voru einnig tekin sýni í 10 lítra fötur sem áætlað er að verði nýtt í greiningar á frjókornum, fræjum og skordýrum. Eins voru bein valin til kolefnisaldursgreininga.

Svæðið var einnig mælt með radarjarðsjá af starfsmönnum frá NIKU (*Norsk institutt for kulturminneforskning*) í júlí en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Í september var svæðið svo mælt með viðnámsmæli og segulmæli á vegum Grampus Heritage and Training Ltd (mynd 4).



Mynd 3: Niðurstöður jarðsjármælinga á vegum Grampus Heritage and Training Ltd



Mynd 4: Yfirlitsmynd af uppgriftarsvæðunum, tekin með flygildi

4 Stærð og umfang uppgrftar

Við upphaf uppgrftar á Þingeyrum sumarið 2022 var ákvörðun tekin um að halda áfram uppgrefti á svæðum E og D. Á svæði C hafði á fyrri árum komið í ljós rústir klausturkirkjunnar og vegna staðsetningar svæðis D austan þess eru vonir bundnar við að á svæði D megi finna kór klausturkirkjunnar. Af þeim sökum einskorðaðst uppgröfturinn eingöngu við syðsta hluta svæðis D. Grunnflötur svæðis E er um 10x10 metrar en grunnflötur D svæðis er um 15,5x4 metrar (mynd 5).

4.1 Svæði D

Svæði D var stytta um 5 metra að norðanverðu að þessu sinni. Var það gert í upphafi sumars því um 15,5x4 m með stefnu í norður-suður en svæðið var fljótlega minnkað niður í um 10x4 m þegar ákveðið var að leggja áherslu á syðsta hluta þess. Samkvæmt jarðsjármælingum fyrri ára og uppgrefti á svæði C eru taldar góðar líkur á að kór klausturkirkjunnar sé að finna á suðurhluta D svæðis. Ekki reyndist mögulegt að komast niður á rúst klausturkirkjunnar þetta árið en þrjár grafir fundust aftur á móti, þó aðeins ein þeirra hafi verið grafin upp sumarið 2022. Einhverjar byggingarleifar var að finna á svæðinu, t.d. hrun úr 19. aldar byggingu sem stóð norðan svæðis C og vestan svæðis D (mynd 6).



Mynd 5: Yfirlitsmynd yfir svæði D, tekin með flygildi.


Yfirborðslög svæðis D voru mjög röskuð. Vegna þess að svæðið var opnað á ný voru moldarlögin efst mjög blönduð og erfitt var að greina milli hreyfðra yfirborðslaga og óhreyfðs jarðvegs undir því. Undir yfirborðslögum var komið niður á fimm lög. Nyrst á svæði D kom í ljós torfhrun [26565] úr 19. aldar byggingunni. Í hruninu var stór steinn sem hefur líklegast verið nýttur sem grunnur fyrir bygginguna eða stoð, þó að ekkert greinilegt stoðarfar sé á steininum. Um 1 m suður af torfhruninu [26565] kom í ljós annað torfhrun [27211] sem hefur tilheyrt sömu byggingu en var öllu verr farið. Í því fannst mikið af rúðugleri sem bendir til að í veggnum sem hrunið er úr hafi verið glerjaður gluggi. Um 4 m suður af torfhruninu [27211] kom í ljós hleðsla úr torfi [28143]. Bendir þetta til þess að þessi veggur hafi legið nokkurn veginn undir 1 m breiðu hafti milli svæða C og D en það var skilið eftir til þess að verja starfsfólk fyrir hruni stórgrýtis sem stendur út úr austursniði svæðis C. Verður þetta haft grafið upp þegar aðstæður leyfa. Í torfhleðslunni [28143] var nokkuð af grjóti, m.a. eitt stórgrýti líkt og fannst í torfhruninu [26565] nyrst á svæðinu. Í torfhleðslu [28143] var ferköntuð stoðarhola [27869] sem fyllt hafði verið í með mól [27879]. Torflögin norðarlega á svæðinu, þ.e. torfhrun [26565] og [27211] liggja ofan á malarlagi [27547] (myndir 8 og 9).



Mynd 6:: Steinahrúga efst í fyllingu [26658] grafar 15.

Syðst á svæði D, sunnan og austan við torfhleðslu [28143], komu mannvistarleifar fljótlega í ljós en reyndist líkt og áður kemur fram nokkuð erfitt að greiða úr lögum innan þeirra. Fljótt varð þó ljóst að steinahrúga var efsti hluti fyllingar [26658] í gröf [26643] sem hlaut númerið 15 (mynd 7). Var hún eina gröfin sem var grafinn upp þetta sumarið. Grafarfyllingin [26658] í gröf 15 var sá jarðvegur sem tekinn var upp þegar grafið var fyrir henni en það var aðallega grjót og moldarblönduð möl. Grjótinu hefur verið safnað saman og það sett síðast yfir gröfina. Fyllingin hafði brotið saman viðarkistuna sem einstaklingurinn var grafinn í, eins og alla jafna gerist þegar viðurinn gefur sig undan þunga jarðvegsins. Nánar má lesa um gröfina í kafla 5.4. Gröf 15.

Gröf 15 var tekin í gegnum malarlag [27547]. Um einum metra suður af gröfinni fannst niðurgröftur [27831]. Við nánari athugun reyndust vera skil innan niðurgraftarins sem skiptu honum í tvo hluta, [28623] og [28598]. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5.5. Mögulega eru þetta tvær grafir sem voru teknar í gegnum blandað torf- og moldarlag [27449] sem liggur yfir svæðinu sunnan við gröf 15. Tenging þess [27449] við malarlag [27547] norðanmegin á svæðinu er ekki greinileg að svo stöddu en blandaða lagið [27449] virðist liggja að hluta ofan á malarlaginu [27547] (myndir 8 og 9). Í þessu blandaða lagi [27449] eru fleiri merki um niðurgröft og er ekki ólíklegt að uppgröftur næstu ára munu leiða í ljós fleiri grafir á þessu svæði.



Mynd 7 Mynd 8: Flæðirit yfir einingar á svæði D



Mynd 8 Teikning af svæði D eins og það leit út við lok vettvangsvinnu 2022.

4.2 Svæði E

Könnunarskurður var grafinn árið 2017 á því svæði sem nú er auðkennt með bókstafnum E. Í skurðinum fannst torfhleðsla, móaska og dýrabein sem notuð voru til kolefnisaldursgreininga sem sýndi að minjarnar væru frá klausturtíma. Samskonar hleðsla, með sömu torf- og gjóskulögum, hafði einnig fundist áður á nokkrum stöðum í túninu norðan við bæjarstæðið á Þingeyrum, þ.á.m. á gamla kirkjustæðinu. Greiningar á gjóskulögum og kolefnisaldri hafa sýnt að allar þessar hleðslur eru frá sama tíma, þ.e. þegar klaustrið var í rekstri. Talið var að þarna nærri kynni að hafa verið eldhús eða eldunaraðstaða en hleðslur á öðrum stöðum á svæðinu úr ýmsum byggingum (Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser, 2017, bls. 4–8). Árið 2021 var svo ákveðið að opna um 10x10m uppgraftarsvæði í kringum könnunarskurðinn en það er svæði E. Ekki náðist að grafa upp heil jarðlög innan þess áður en uppgrefti var hætt sumarið 2021, svo hægt væri að túlka allt svæðið frekar, nema að kirkjugarðsveggurinn frá 19. öld [26047] austast á svæðinu var grafinn fram. Þegar svæðið var afmarkað var ákveðið að láta hann ná inn á það.




Mynd 9 Yfirlitsmynd yfir svæði E eins og það leit út í lok uppgraftartímabils, tekin með flygildi.


Líkt og áður getur, fannst nútíma raflagnaskurður [26101] einnig innan svæðisins en hann sker af norðaustur horn þess (Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022).

Útlínur minja sem fundust sumarið 2021 skýrðust enn frekar þegar uppgrefti var haldið áfram sumarið 2022 (mynd 10). Í horninu norðan við raflagnaskurðinn [26101] sem fannst árið 2021 er torflag [26120]. Sunnan og austan við skurðinn er torfhleðsla [26047] en það er sá partur úr 19. aldar kirkjugarðsveggnum sem byrjaði að koma í ljós við uppgröftinn 2021 (sjá mynd 13). Örlítill bútur úr honum er nyrst og austast við raflagnaskurðinn. Hvorki torflagið [26120] né kirkjugarðsveggurinn [26047] voru grafinn upp að fullu þetta uppgraftartímabil.


Á vesturhluta uppgraftarsvæðisins var viðaröskulag [26000] sem og leifar af öskuhaugi sem grafið var í árið áður. Byrjað var á að grafa viðaröskulagið [26000] upp og undir því kom fram áfoksmoldarlag [26150]. Leirkersbrot (2022-6-22) sem fannst í áfoksmoldarlaginu [26150] bendir til að það sé frá síðari hluta 18. aldar eða jafnvel 19. Áfoksmoldarlagið [26150] lá frá vesturhluta svæðisins og huldi nærri helming svæðisins. Undir áfoksmoldarlaginu [26150] kom í ljós, í norðvesturhorni svæðisins, lag blandaðs torfs og moldar [26136] sem lá ofan á móöskulagi [26852]. Móöskulagið [26852] náði yfir stóran hluta svæðisins (mynd 12) og lá það meðal annars upp að kirkjugarðsveggnum [26047] sem bendir til þess að hlutar veggjarins séu eldri en áður var þekkt.



Mynd 10: Flæðirit yfir einingar á svæði E.



Mynd 11: Svæði E áður en byrjað á að grafa upp móöskulag [26852].



Mynd 12: Svæði E í lok vettvangsvinnu 2022. Ljósbrúnu lögín sýna lög sem voru ekki mæld inn.

Móöskulagið [26852] var ekki einsleitt og fannst mikið af gjalli í því í suðausturhluta svæðisins. Bein (2022-6-472) úr móöskulaginu [26852] var sent í kolefnisaldursgreiningu og reyndist það vera frá 13. öld (sjá kafla 6.2.). Undir stærra móöskulaginu [26852] var komið niður á móösku-lag [28559], sem var ólíkt móösku-laginu [26852] sem lá ofar að því leyti að það var meira um lífræn efni í því og á vissum svæðum var það grænleitt. Þessi móöskulög liggja upp að öðrum jarðlögum á svæði E. Kom í ljós töluverður halli á þeim jarðlögum sem lágu undir móöskulögnum í suðvestur-horni svæðis E. Þegar uppgrefti var hætt árið 2022 var enn nokkuð af móösku eftir í suðvestur horni svæðisins. Norðar í móöskulaginu [26852], lá þar undir blandað torf- og áfoksmoldarlag [28175]. Undir lagi [28175] reyndist svo vera annað móöskulag [28484] en í því lagi voru einstaka steinar og viðarkolabitar.

Undir tveimur móösku-lögum [26852 og 28484] var annað blandað torf og moldarlag [28667] sem liggur einnig upp að kirkjugarðsveggnum [26047] og var það svo víðfemt að það lá yfir stærstum hluta svæðis E. Við byrjun uppgrftar mátti sjá hluta blandaða lagsins [28667] og eru það og torflagið [26120] norðan nútíma raflagnaskurðarins [26101] sama lag sem skurðurinn hefur skorið í sundur. Bein (2022-6-183) úr torf og moldarblandaða

laginu [28667] var sent í kolefnis-aldursgreingu og reyndist það vera frá miðöldum (sjá kafla 6.2.). Ekki tókst að fullgrafa torf- og moldarblandaða lagið [28667] þetta uppgraftartímabilið og verður það því meðal verkefna næsta sumars.

Á tveimur stöðum við eystri enda svæðisins var nýlegur niðurgröftur sem báðir voru teknir við söfnun sýna til vistfræðirannsókna árið 2016. Annar niðurgröfturinn [25202] fannst í kirkjugarðsveggnum [26047] en hinn niðurgröfturinn [27922] er aðeins sunnar í móöskulagi [26852] og móöskulögunum sem þar lágu undir (myndir 12 og 13).


Meðal síðustu verka sumarsins á svæði E var að byrja á að grafa upp blandaða torflagið [28667]. Líkt og þegar hefur komið fram tókst ekki að klára það að þessu sinni en á seinustu dögum uppgraftartímabilsins 2022 var byrjað að sjást í hluta af vegg úr torfi [28832] undir blandaða laginu [28667] en þessi torfhleðsla tilheyrir líklega veggnum sem kom fram í könnunarskurðinum árið 2017 (myndir 10, 11 og 13).

5 Lýsing mannvirkja

Sumarið 2022 komu í ljós leifar nokkurra mannvirkja en flest þeirra voru þekkt frá fyrri árum. Vitað var um torfveggi á svæði E og grafir á svæði D en ekki frá hvaða tíma þær væru.

5.1 Kirkjugarðsveggur [26047]

Kirkjugarðsveggurinn sem fannst sumarið 2021 var skráður undir númerinu [26047] sumarið 2022 (mynd 14). Blandað torf- og moldarlag [28667] liggur að einhverju leyti upp að honum [26047] og er hluti hans því yngri en blandaða lagið [28667] sem hefur verið tímasett til miðalda með kolefnisaldursgreiningu (sjá kafla 6.2. og viðauka 4). Er kirkjugarðsveggurinn því að öllum líkindum að grunni til mun eldri en frá 19. öld.



Mynd 13: Kirkjugarðsveggur [26047].

5.2 Torfhleðsla [28832]

Eins og fram kemur í kafla 4.2. byrjaði að sjást í torfhleðslu [28832] á svæði E undir lok uppgraftartímabilsins (mynd 15) en það er hleðslan sem hafði áður sést í könnunarskurði árið 2017. Svipar torfinu í þessari hleðslu mjög til torfsins í veggjum klausturkirkjunnar á svæði C og veggjum sem hafa fundist víðar í túninu norðan við bæjarstæðið á Þingeyrum. Hafa þær allar verið aldursgreindar til klausturtíma út frá gripum, gröfum, kolefnisaldursgreiningum og gjóskulögum. Bendir samhengi rústa innan túnsins þannig til þess að torfhleðsla [28832] sé einnig frá klausturtíma. Athyglisvert er jafnframt að í öllum þessum veggjahleðslum er ekkert grjót, bara torf, en rétt er að minna á að ekkert náttúrulegt grjót er í jarðvegi á Þingeyrum. Þegar grafið var í gegnum torfhleðsluna árið 2017 kom í ljós blandað mannvistarlag undir henni en fróðlegt væri að skoða það nánar. Aðeins lítill hluti þessarar hleðslu hefur komið í ljós, en miðað við þann hluta sem sést er um að ræða skeifulaga byggingu.



Mynd 14: Torfhleðsla [28832].

5.3 19. aldar bygging

Á svæði D komu í ljós þrjú lög torfhleðslna og torfhruns [26565] (mynd 16), [27211] og [28143] sem öll eru talin tilheyra sömu byggingunni sem stóð norðan við uppgraftarsvæði C og vestan við svæði D. Byggt á þeim litlu leifum sem rannsakaðar hafa verið, hefur húsið verið reist úr torfi, með einstaka stórgrýti undir veggjunum. Miðað við stoðarholurnar sem fundust virðast stoðirnar hafa verið ferkantaðar [27869]. Þá hefur byggingin haft glerglugga, líkt og áður var vikið að (sjá einnig mynd 23 í kafla 6. Fundir). Miðað við þá gripaflóru sem hefur fundist í tengslum við þessa byggingu, helst glerbrot og leirkersbrot (sjá kafla 6.), er hún frá 19. öld.


Á teikningu Runólfs Björnssonar frá því fyrir 1850 (sjá mynd 1 í kafla 1.1.) er engar byggingar að sjá norðan eða austan við kirkjugarðinn en vitað er að kortið ónákvæmt. Á túnakortinu frá 1919 er aftur á móti bygging austan við kirkjugarðinn en miðað við stærð hans ætti þessi bygging sem hér um ræðir að vera innan kirkjugarðsins og er engin bygging þar á kortinu (sjá Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 6). Á korti sem Daniel Bruun teiknaði árið 1898 (sjá Steinunn Kristjánsdóttir, 2017, bls. 123) er heldur ekki að sjá byggingu á þessum stað, né á ljósmynd sem tekin var sama ár á hátíð Húnvetninga (01309 Ljósmyndasafnið Blönduósi; Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius, 2022, bls. 6, mynd 2). Því er lítið vitað um þessa byggingu á þessu stigi rannsóknar og ólíklegt er að frekari svæði verði opnuð þar sem vitað er að minjar hennar er að finna.



Mynd 15: Torfhleðsla [26565] í 19. Aldar byggingunni.

5.4 Gröf 15

Gröfin sem var grafinn upp sumarið 2022, gröf 15 [26643], var á svæði D. Þegar hún kom fyrst í ljós var aðeins steinahrúgu að sjá (mynd 7 í kafla 4.1. Svæði D) og var talið að um væri að ræða hleðslu eða hrun úr 19. aldar byggingunni, sem fjallað er um hér á undan, en fljótlega varð ljóst þetta væri ekki hleðsla. Þegar steinahrúgan var fjarlægð reyndist gröf vera undir henni.



Mynd 16: Teikning af líkamsleifum í gröf 15.

Þrátt fyrir að steinarnir hafi ekki verið í eiginlegri hleðslu, þ.e.a.s. vegghleðslu, virðist þeim hafa verið komið fyrir ofan á gröfinni þar sem lítið sem ekkert af svipuðum steinum er að finna umhverfis gröfina. Ekki er um brotin legstein að ræða þar sem þessir steinar voru náttúrulegir og óunnir. Miðað við þá hæð sem gröf 15 kom fyrst í ljós í var talið að mögulega væri um 20. aldar gröf að ræða en þegar komið var niður á kistuna sem í gröfinni var reyndist hún eldri, þ.e. frá seinni hluta 18. aldar.

Viðurinn í kistunni var of fúinn til að hægt væri að ná upp nema braki af henni, fyrir utan eina fjöl á hverja höfðu verið festir tveir koparskildir, annar hjartalaga (2022-6-66) og hinn sporöskjulaga (2022-6-65), sjá myndir 19 og 20. Á hjartalaga skjöldinn eru grafnar englamyndir og tilvísanir í sálma en á þann sporöskjulaga er texti á latínu sem Gottskálf Jenson, rannsóknardósent við Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab í Kaupmannahafnarháskóla, las í og þýddi yfir á íslensku. Uppskrift texta og þýðinguna má finna í viðauka 1.

Út frá texta sporöskjulaga skjaldarins telst staðfest að hér sé um gröf Bjarna Halldórssonar að ræða en hann var klausturhaldari á Þingeyrum frá 1738 til dánardags árið 1773 (Alþingisbækur XII, bls. 364–365). Bein Bjarna voru fremur illa farin og var til dæmis lítið eftir af brjóstkassa hans (mynd 17). Virðist kistan hafa brotnað saman á einhverjum tímamarki

sem leiddi til þess að höfuðkúpan brotnaði um augntóftirnar, þrátt fyrir að vera að öðru leyti vel varðveitt. Nánar er fjallað um beinin í viðauka 2 eftir Joe W. Walser mannabeinafræðing hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Fyrir utan nokkrar textúlleifar fundust í gröf Bjarna þrír gullhringir. Tveir þeirra voru einföld bönd (sjá myndir 28 og 29 í kafla 6.5. Gull) sem að öllum líkindum eru giftingarhringir Bjarna og konu hans Hólmfríðar Pálsdóttur Vídalín sem lést af barnsförum 1736 (Bogi Benediktsson, Hannes Þorsteinsson og Jón Pétursson, 1881, bls. 618). Í annan hringinn (2022-6-285) er grafin áletrunin „Two bodies one hart [sic]“. Þriðji hringurinn (2022-6-286) er með steini sem á er grafið innsigli (mynd 18). Þessum hringjum er betur lýst í fundarlýsingu, kafla 6.4., en vert er að minnast á að

stafirnir sem grafnir eru í innsiglishringinn, OMG, eru ekki fangamerki Bjarna Halldórssonar. Ekki er vitað hvað stafirnir merkja.

Bjarni Halldórsson fæddist 5. september 1701, sonur Halldórs Árnasonar prests á Húsafelli í Borgarfjarðarsýslu og konu hans Halldóru Illugadóttur (Jón Espólín, 1829, bls. 77; Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 613, 616). Bjarni

stundaði nám í Skálholtsskóla á árunum 1716–1720 og hélt þá utan í áframhaldandi nám við Kaupmannahafnarháskóla 1721 og 1722. Lauk hann þar guðfræðiprófi með annarri einkunn og fékk vígslu sem prestur þegar hann kom aftur heim til Íslands. Tók hann þá starfi sem rektor Skálholtsskóla, aðeins rúmlega tvítugur að aldri. Því embætti gegndi hann í fimm ár (Jón Espólín, 1830, bls. 72; Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 616; Hannes Þorsteinsson, 1910, bls. 45–46). Þar kynntist hann Hólmfríði Pálsdóttur Vídalín, dóttur Páls Vídalíns lögmanns, en hann er líklega best þekktur í dag fyrir vinnu sína við *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Tókust ástir milli þeirra Bjarna og Hólmfríðar og var hún ólétt og ógift þegar hún fór til fundar við föður sinn á banalegu hans 1727. Er sagt að vegna ástands dóttur sinnar hafi seinustu orð Páls verið eitthvað á þá leið „Guð hjálpi mér, hvernig ertu?“ en heimildum kemur ekki saman um nákvæm orð hans (Jón Espólín, 1830, bls. 90; Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 617). Þau Bjarni og Hólmfríður trúlofuðust stuttu seinna og giftu sig 1727, en var svo skammt milli brúðkaupsins og fæðingar þeirra fyrsta sonar að Bjarni var sviptur hempunni og rektorsembættinu (Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 617; Hannes Þorsteinsson, 1910, bls. 46). Fluttu þau þá til Víðidalstungu í Húnavatnssýslu. Tók Bjarni við sýslumannsembættinu þar 1728 og fékk konungsbréf fyrir því í mars 1729 (Jón Espólín, 1830, bls. 95–96; Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 617; Hannes Þorsteinsson, 1910, bls. 46). Bjarni stóð alla tíð í miklum málarekstrum og var forveri hans í embætti, Jóhann Gottrupp, oft andstæðingur hans í þeim málum, sem og Skúli Magnússon sem varð landfógeti 1749 (sjá t.d. Jón Espólín, 1830, bls. 95–97, 121, 132, 144–145; Jón Espólín, 1843, bls. 15, 20; Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 617–618). Er of langt mál hér að rekja öll málaferli Bjarna en vegna þeirra missti hann um tíma sýslumannsembættið árið 1744 og fór erlendis einn vetur en kom þá til baka, stefndi vegna málaferlanna sem leiddu til embættismissis og vann þá. Fékk hann sýslumannsembættið á ný



Mynd 17: Innsiglishringur (2022-6-286) sem fannst í gróf 15, í hann eru grafnir stafirnir OM og G.

1745 og gengdi óslitið til dánardags (Jón Espólín, 1843, bls. 4–5, 6; Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 61–618).

Um framkomu Bjarna sem sýslumanns má minnst á að hann dæmdi hið minnsta fimm manneskjur til dauða (*Alþingisbókin 1734*, bls. 8–9; Jón Espólín, 1843, bls. 123, 133; *Höskuldsstaðaannáll*, bls. 505; Már Jónsson, 2000, bls. 104–110). Þann 10. júlí árið 1734 dæmdi Bjarni Pétur Halldórsson og systurdóttur hans Ingibjörgu Jónsdóttur til dauða fyrir „barneignarbrot“ (*Alþingisbókin 1734*, bls. 8–9; Jón Espólín, 1843, bls. 123). Árið 1737 hóf Bjarni rannsókn á máli Þorbjargar Helgadóttur og Jóns Guðmundssonar, stjúpi hennar og barnsfaðir, sem sökuð voru um að drepa barn sitt. Var Bjarni fljótur að dæma en hann hóf rannsókn sína 22. nóvember og dæmdi þau til dauða degi síðar. Enduðu þau mál þannig að Jón var tekinn af lífi en Þorbjörg, sem var 17 ára þegar þetta gerðist, var hlíft við dauðadómi en í staðinn var hún hýdd og dæmd í ævilanga refsivist (Már Jónsson, 2000, bls. 105–110). Hinn fimmti var svo maður í Víðidal árið 1758 sem kyrkti barn sitt til bana (*Höskuldsstaðaannáll*, bls. 505). Hylmdi Bjarni hins vegar yfir með konu sinni þegar hún lét ganga í skrokk á konu sem hana grunaði um „mælgj ok annat marglæti við Bjarna“ og sá til að það kæmi aldrei fyrir þing (Jón Espólín, 1830, bls. 128–129, 132).

Bjarni og Hólmfríður áttu saman átta börn en aðeins fimm þeirra komust á fullorðinsaldur. Hólmfríður lést 1736 af barnsförum, líkt og þegar hefur komið fram, en Bjarni giftist aldrei aftur, heldur hafði hann ráðskonur sem sagt var að hann lagði lag sitt við (sjá Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 613–618). Samkvæmt sagnaritaranum Jóni Espólín hafði Bjarni legið í kör seinasta hluta ævi sinnar sökum fitu og elli og sagt var að hann hafi látist af því að falla úr rúmi sínu á þrettándanum árið 1773 (Jón Espólín, 1843, bls. 107). Bendir lýsingin til þess að Bjarni Halldórsson hafi verið lítt syrgður af samtímamönnum sínum og vandamönnum, en Bjarna var jafnan lýst sem „héraðsríkum mjök,“ að hann væri matgráðugur, „fégjarn“ og sagt að flestir íbúa Húnavatnssýslu hafi óttast hann frekar en elskað (Jón Espólín, 1843, bls. 34; Bogi Benediktsson o.fl., 1881, bls. 619).

5.5 Mögulegar grafir [28623] og [28598]




Mynd 18: Mögulegar grafir [28623] og [28598]. Horft er til vesturs.

ræða þar sem önnur hefur verið grafin ofan í hina, hugsanlega hjónagrafir. Fékk nyrðri gröfin númerið [28623] og syðri gröfin [28598] (mynd 21). Ekki er gott að segja hvor gröfin er eldri að svo stöddu en þar sem nyrðri gröfin [28623] er breiðari en sú syðri [28598] er gengið er út frá því að sú nyrðri [28623] sé yngri. Ekki vannst tími til að fullgrafa þær sumarið 2022 og verður það að bíða næsta uppgráftartímabils.


Á svæði D, um einum metra sunnan við gröf 15, kom í ljós niðurgröftur [27831] sem var um 2x1,5 m að flatarmáli og snéri í austur-vestur. Miðað við legu þótti líklegt að hér væri um aðra gröf að ræða þó að hún væri óvenju stór. Við frekari athugun komu í ljós skil innan niðurgráftarins sem skiptu honum í tvennt eftir lengdinni. Hefur þetta verið túlkað sem um tvær grafir sé mögulega að

6 Fundir

Sumarið 2022 voru skráð 356 fundarnúmer við uppgröftinn. Gripir í yfirborðslögum voru yfirleitt ekki mældir inn sem einstakir gripir heldur safnað saman undir einu fundarnúmeri. Þessir gripir eru flestir tímasettir til 19. eða 20. aldar. Alls voru 227 fundarnúmer skráð á svæði D úr uppgræftin-um og 120 á svæði E (myndir 23 og 24). Eitt fundarnúmer var skráð á svæði C og sex lausafundir.



Mynd 19:: Dreifing gripa á svæði E.



Mynd 20: Dreifing gripa á svæði D

6.1 Ál

Eitt fundarnúmer var á vettvangi skráð sem málmur (2022-6-17). Þessi gripur er vír úr óryðguðum málm, að öllum líkindum nútíma álvír.

6.2 Bein

Alls voru 75 fundarnúmer skráð fyrir bein og eru þar undir bæði dýra og mannabein. Bein undir númerinu (2022-6-9; mynd 24) eru tveir sauðarleggir sem fundust í yfirborði en borað hefur verið í þá til þess að komast að mergnum. Undir sama númeri er brot af dýrabeini sem virðist hafa verið tálgað eða skorið til.

Tvö bein, bæði af svæði E, voru send í kolefnisaldursgreiningu. Bæði beinin voru úr sauðfé. Voru niðurstöður þær að bein úr móöskulaginu [26852] kom úr dýri sem drapst á tímabilinu 1210–1278, með 93,6% vissu. Bein úr blandaða torf- og moldarlaginu [28667] kom úr dýri sem drapst annaðhvort á tímabilinu 1116–1219, með 60,5% vissu, eða 1042–1108, með 34,9% vissu. Hefur báðum dýrunum því verið lógað snemma á klausturtímanum en greiningin leiddi einnig í ljós að féð hafi verið alið á sjávarbeit eða grasi sem óx nærri sjó (sjá viðauka 4).



Mynd 21: Bein (2022-6-9) með borgötum.

6.3 Blý

Tvö brot úr blýi fundust en ekki er vitað hvers konar gripir þetta eru. Báðir blýgripirnir (2022-6-80; mynd 25 og 2022-6-201) voru efnagreindir með XRF tækni (Sólveg G. Beck, 2023).



Mynd 22: : Blýbrot (2022-6-80).

6.4 Gjall

Safnað var rúmum 7 kg af gjalli við uppgröftinn. Gjallið kom allt af litlu svæði í suðausturhorni svæðis E og virðist vera samtíða. Efnagreining hefur staðfest að gjallinu sem safnað var er járnvinnslugjall eða eldsneytishroð (Sólveg G. Beck, 2023). Eftir greiningu var nær öllu gjallinu fargað og aðeins sýni haldið eftir af því (sjá sýnaskrá nr. 2022-6-297).

6.5 Gler

Fundarnúmer fyrir gler voru 27, en meirihlutinn er rúðugler tengt 19. aldar byggingunni sem stóð á svæði C og D. Flest önnur númer eru flöskugler en tvö númer (2022-6-95, sjá mynd 26, og 2022-6-472) eru úr glösum eða vösum. Tvö brot úr steindu gleri (2022-6-68 og 2022-6-323) fundust, annað á svæði D en hitt á svæði E. Þau gætu verið frá miðri 15.–18. aldar (Sólveig Beck 2023). Fyrir utan tvö númer sem komu úr yfirborði (2022-6-3) og úr uppmokstri fyrri ára (2022-6-4) voru allir glerfundir af svæði D.



Mynd 23: Málað glerbrot (2022-6-95), líklega úr vasa eða drykkjarglasi

6.6 Gull

Þrjú fundarnúmer eru fyrir gull, allt hringarnir sem fundust í gröf 15. Annar (2022-6-284, mynd 28) er þunnur en hinn (2022-6-285, mynd 27) er þykkur hringur sem minnir helst á nútíma giftingarhring. Líkt og áður getur er grafið innan í hann „Two bodies one hart[sic]“, eða „tveir líkamar eitt hjarta“ með stimpli sem á stendur „WD“ þar

fyrir aftan, líklegast merki framleiðandans. Einn hringur er þekktur í British Museum með svipuðum stimpli sem tímasettur er til 17. eða 18. aldar og því mögulegt að um sama framleiðanda sé að ræða (British Museum, ekkert ártal). Efnagreining sýndi að þynnri hringurinn (2022-6-284) er 20 karata gull en sá þykkari (2022-6-285) er 22 karöt (Sólveg G. Beck, 2023).

Þriðji hringurinn (2022-6-286) er innsiglið hringur með rauðum steini, sem líklegast er carnelian miðað við efnagreiningu hans, og er gullið 19 karöt. Í steininn er grafinn skjöldur með burtreiðarhjálmum ofan við skjöldinn og fjaðraskreyti sitt hvoru megin við hann. Á skildinum er ljón sem stendur á afturfótunum og horfir til hægri þegar horft er á hringinn. Ofan á hjálminum stendur annað ljón sem virðist sömu gerðar og hitt ljónið. Stafirnir „OM“ og „G“ eru grafnir í steininn sitthvoru megin við þetta efra ljón (sjá mynd 18 í kafla 5.4. Gröf 15).



Mynd 25: Ígraffinn gullhringur (2022-6-285) úr gröf 15.



Mynd 24: Gullhringur (2022-6-284) úr gröf 15.



Mynd 26: Þollur (2022-6-11).

6.7 Járn

Flest fundanúmer fyrir járn eru naglar, þar af 36 númer fyrir kistunagla úr gröf 15, 22 af þeim með viðarleifar enn áfastar. Þar að auki voru tvær kistuskrúfur (2022-6-7 og 2022-6-30), samsettir gripir úr járn og kopar, sem fundust í uppmokstri svæðis D frá fyrra ári.

Aðrir járngrípjar sem hægt var að greina er mögulegur snagi eða krókur (2022-6-23), þollur sem fannst í yfirborði milli svæða C og D (2022-6-11, mynd 29), og hugsanleg þjöl (2022-6-119).



Mynd 27: Brot úr Westerwald steinleirsílati (2022-6-242).

6.8 Keramik

Keramik var meðal stærri fundaflokka samtals 31 fundarnúmer. Undir þessu 31 fundarnúmeri er safn 271 leirkersbrota en þau eru úr að minnsta kosti 49 ílátum. Flest þessara íláta eru borðbúnaður úr iðnaðarleir, framleiddur eftir 1750. Að öllum líkindum eru þau flest frá 19. eða jafnvel 20. öld. Eitt postulínsílát (2022-6-26) var meðal funda, líklegast einnig frá 19. öld. Aðeins fimm ílát eru líkleg til að vera eitthvað eldri: eitt brot úr Westerwald steinleirsílati (2022-6-242, mynd 30), og brot úr tveimur ílátum úr rauðleir (2022-6-110; 2022-6-185) og jafnmörg úr faience (2022-6-26; brot úr seinna ílátinu voru skráð á þrjú fundarnúmer, þ.e.a.s. 2022-6-58, 2022-6-67 og 2022-6-71). Þessi ílát eru tímasett til 17. eða 18. aldar. Sjá nánar um leirkerin í viðauka 3.



Mynd 28: Ógreinanlegt koparbrot og koparþynna með naglgötum (2022-6-8).

6.9 Kopar

Alls voru 40 fundarnúmer skráð sem kopar. Tvö þessara fundanúmera (2022-6-65 og 2022-6-66) eru skildirir sem fundust á kistunni í gröf 15 (sjá umfjöllun og myndir 19 og 20 í kafla 5.4. Gröf 15). Önnur fundanúmer fyrir kopar eru koparnaglar eða þynnur (t.d. 2022-6-8; mynd 31). Þar af eru tvö fyrir kopar með áföstum textíl (2022-6-164 og 2022-6-213).

6.10 Leður

Fjögur fundanúmer eru skráð sem leður. Flest eru ógreinilegir bútar en eitt númer (2022-6-210, mynd 32) er greinilega skósóli. Allir leðurgripirnir fundust í yfirborðslögum svæðis D og eru þeir tímasettir til 19. aldar eða síðar.



Mynd 29: : Leður skósóli (2022-6-210).

6.11 Raf

Ein perla (2022-6-165, mynd 33) fannst við uppgröftinn. Efnagreining hefur staðfest að hún er úr rafi (Sólveg G. Beck, 2023). Gæti hún hafa verið bænaperla. Perlan fannst ofarlega í fyllingu [27839] í niðurgrefti [27831]. Erfitt er að segja til um aldur perlunnar fyrir en niðurgrofturinn hefur verið fullgrafinn og skorið úr um það með vissu hvort um grafir sé að ræða (sjá kafla 4.1. Svæði D fyrir frekari upplýsingar um þessar einingar).

6.12 Skeljar

Hismi utan af þremur skeljum fannst á svæði D. Eitt hismið fannst í yfirborði, og annað í torflagi tengdu 19. aldar byggingunni (2022-6-369 og 2022-6-376). Má tengja þau bæði við þá byggingu. Þriðja hismið (2022-6-462) fannst í blönduðu torf- og moldarlagi [27449] sunnarlega á svæði D. Mögulegt er að skelfiskurinn hafi verið til átu en einnig má telja líklegt að skeljarnar hafi verið nýttar til beitu, sérstaklega með járnþollinn (2022-6-11) í huga, þá hugsanlega til veiða í Hópi.



Mynd 30: : Hnappur úr olíuleirskífu (2022-6-115).

6.13 Steinar

Samtals voru 21 fundanúmer skráð sem steinar, þar af eru tvö brýni (2022-6-177 og 2022-6-271) og hnappur (2022-6-115, mynd 34) sem hefur verið efnagreindur sem olíuleirskífa eða tálguhol (e. *oil shale*; Sólveg G. Beck, 2023). Aðrir steinar voru ekki unnir en voru fluttir til Þingeyra, þar með talið jaspis steinn (2022-6-267), kvars (2022-6-170) og vikurmoli (2022-6-96).



Mynd 31: Möguleg bænaperla úr rafi (2022-6-165).

6.14 Textíll

Sjö fundanúmer voru skráð sem textíll, allt litlir bútar úr vaðmáli. Fjórir textílbútar fundust í yfirborði og þrír fundust í gröf 15.

6.15 Viður- og viðarkol

Fimm fundarnúmer voru fyrir viðargripi, þ.e. viðarnagla og búta úr kistu Bjarna Halldórssonar í gröf 15. Tveir viðarnaglar (2022-6-18 og 2022-6-209) fundust í yfirborðslögum svæðis D og þriðji fannst í gröf 15 (2022-6-182). Tveimur viðakolamolum var safnað, einum af sitthvoru svæði D (2022-6-445) og svæði E (2022-6-421).

7 Landslag, gróður og jarðgrunnur

Uppgraftarsvæðið er staðsett í túni skammt norðan við bæjarstæðið á Þingeyrum. Gamli kirkjugarðurinn sem var sléttaður uppúr 1925 er innan þessa túns. Uppgröftur hefur farið fram bæði innan gamla kirkjugarðsins en einnig utan við hann. Hæð svæðisins yfir sjávarmáli er að meðaltali um 23 metrar. Á Þingeyrum er mikil jarðvegsþykknun en sem dæmi má nefna eru um tveir metrar að jafnaði frá yfirborði og niður fyrir minjar frá klausturtíma. Líkt og áður getur, er ekkert náttúrulegt grjót þar í jarðvegi og mjög djúpt á grunnvatn. Jarðvegur er því fremur þurr.

8 Miðlun

Ljósmyndum og fréttum úr uppgrefti var deilt á Facebooksíðu verkefnisins *Fornleifarannsókn: Benediktínaklaustur á Íslandi / Benedictines in Iceland* meðan á uppgrefti stóð. Var þannig reynt að ná til breiðs hóps fólks, almennings jafnt sem fornleifafræðinga. Allar skýrslur í tengslum við Þingeyraverkefnið eru birtar í opnum aðgangi á heimasíðu verkefnastjóra (<https://steinunn.hi.is/is/rannsoknirresearch/thingeyraverkefnid>) og mun þessi skýrsla verða birt þar en einnig á heimasíðu verkefnisins *Samspil manns og náttúru – Between Man and Nature* (bmn.hi.is).

9 Túlkun og framhald rannsókna

Niðurstöður uppgrافتar sumarið 2022 lofa góðu fyrir framhald rannsókna á rústum Þingeyraklausturs. Torfhleðsla [28832] sem kom í ljós á seinustu dögum uppgrافتar á svæði E virðist hlaðin úr svipuðu torfi og kom í ljós á svæði C en það er talið vera úr byggingu frá tímum klaustursins. Kolefnisaldursgreiningar á beinum af svæði E benda einnig til þess að torfhleðslan sé frá klausturtíma, mögulega fyrri hluta hans. Vonir standa því til að á næsta uppgrافتarmisseri muni koma fram frekari klausturminjar á svæði E. Svæði D lofar ekki síður góðu. Enda þótt gröf 15 hafi reyndist vera frá lokum 18. öld, standa vonir til þess að komið sé að mestu út fyrir svæðið þar sem nútíma grafir finnast. Mikilvægast er að nú hefur verið staðfest með fundi grafa klausturhaldaranna þriggja að svæði C og D ná yfir gamla kirkjustæðið. Benda úttektir til þess að klausturkirkjan hafi staðið þar einnig og að kirkjukórinn liggi undir svæði D. Vonir standa til að með frekari uppgrefti þar finnist frekari leifar hans og hugsanlega grafir einhverra reglubræðra en þeir voru yfirleitt jarðaðir í þessu helgasta rými hennar.

Uppgrافتarmisserið 2023 verður haldið áfram að grafa á svæði D, sérstaklega frá gröf 15 og suður til enda svæðisins og verður þar byrjað á rannsaka grafir [28623] og [28598]. Einnig eru uppi hugmyndir um að opna milli svæða D og C en eins og fyrr getur var skilið eftir um 1 m þykkt haft milli svæða C og D vegna hættu á hruni á stórgrýti úr sniði þar. Á svæði E er einnig ætlunin að halda áfram uppgrefti þar sem frá var horfið með það að markmiði að grafa fram torfhleðsluna [28832] sem kom í ljós á seinustu dögum uppgrافتar sumarið 2022 og að kanna betur aldur og gerð kirkjugarðsvegsins.

Heimildaskrá

- Alþingisbókin 1734*. (1734). Hólar í Hjaltadal.
- Bogi Benediktsson, Hannes Þorsteinsson og Jón Pétursson. (1881). *Sýslumannaæfir*, 1.b. Útgefandi óþekktur.
- British Museum. (ekkert ártal). *Goldsmith WD*. Sótt 8. febrúar 2023, frá <https://www.britishmuseum.org/collection/term/BIOG179340>
- Bryndís Zoëga, Guðmundur St Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga. (2006). *Fornleifaskrá Þingeyra 2006*.
- Brynjúlfur Jónsson. (1895). Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1895*, 1–21.
- Brynjúlfur Jónsson. (1907). Rannsókn í Norðurlandi sumarið 1905. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1906*, 3–27.
- Coolen, Joris og Mehler, Natascha. (2015). Surveying the assembly site and churches of Þingeyrar. *Archaeologia Islandica 11*, 11–32.
- DI: *Íslenskt fornbréfasafn III*. (1896). Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI: *Íslenskt fornbréfasafn VI*. (1900–1904). Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI: *Íslenskt fornbréfasafn IX*. (1900–1913). Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI: *Íslenskt fornbréfasafn XI*. (1915). Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI: *Íslenskt fornbréfasafn XIII*. (1933–1939). Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI: *Íslenskt fornbréfasafn XVI*. (1952–1972). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Gottskálf Jensson. (2021). Þingeyrar Abbey in Northern Iceland : A Benedictine Powerhouse of Cultural Heritage. *Religions 12*, 423–438.
- Gottskálf Jensson. (2022). Heimildir um klausturkirkjuna og bókasafnið á Þingeyrum. *Gripla XXXIII (2022)*, 265–327.
- Gunnar Karlsson. (2008). Stofnár Þingeyraklausturs. *Saga XLVI:1/2008*, bls. 159–167.
- Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Þór Magnússon og Gunnar Bollason. (2006). Þingeyrakirkja. Í Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.), *Kirkjur Íslands*, 8. b. (bls. 263–270). Þjóðminjasafn Íslands.
- Hannes Þorsteinsson. (1910). *Guðfræðingatal : Stutt æfiágrip þeirra guðfræðinga íslenskra, er tekið hafa embættispróf við Kaupmannahafnarháskóla 1707–1907*. Sögufélag.
- Hermann Jakob Hjartarson, Steinunn Kristjánsdóttir og Joe W. Walser. (2017). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar : Vettvangsskýrsla XXV*.
- Höskuldsstaðaannáll 1710–1784*. (1940). Annálar 1400–1800. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Jón Espólín. (1829). *Íslands Árbækur í sögu-formi*, 8. b. Hið Íslenska bókmenntafélag.
- Jón Espólín. (1830). *Íslands Árbækur í sögu-formi*, 9. b. Hið Íslenska bókmenntafélag.
- Jón Espólín. (1843). *Íslands Árbækur í sögu-formi*, 10. b. Hið Íslenska bókmenntafélag.

- Kancelliets brevbøger vedrørende Danmarks indre forhold 1551–1555*. Kommision hos C.A. Reizel, 1885–1886, bls. 83–84.
- Lárentíus saga. (1998). Í Guðrún Ása Grímsdóttir (ritstj.), *Biskupasögur III*. Íslensk fornrit XVII (bls. 215–441). Hið íslenska fornritafélag.
- Már Jónsson. (2000). *Dulsmál 1600–1900: Fjórtán dómar og skrá*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir. (2014). *Klaustur á Íslandi : Skýrsla um jarðsjármælingar sumarið 2014*.
- Ólafur Gíslason (1916). Lýsingar á Þingeyraklaustri á fyrri hluta 18. aldar. *Ársrit Hins íslenska fræðafjelags*, 59–68.
- Ómar Valur Jónasson. (2019). *Munkar og mælingar : Rannsókn á Þingeyraklaustri í Húnaþingi*.
- Sigrún Hannesdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir. (2020). *Grafið í rústir Þingeyraklausturs : Áfangaskýrsla 2020*.
- Sólveig G. Beck. (2023). *Efnagreiningar á gripum frá Þingeyraklaustri og Kirkjubæjarklaustri með hjálp pXRF*. Háskóli Íslands.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2012). *Sagan af klaustrinu á Skriðu*. Sögufélag.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2017). *Leitin að klaustrunum : Klausturhald á Íslandi í fimm aldir*. Sögufélag.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2018). *Þingeyraverkefnið : Áfangaskýrsla 2018*.
- Steinunn Kristjánsdóttir. (2021). Lokun íslensku miðaldaklaustranna. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 53, bls. 74–96.
- Steinunn Kristjánsdóttir og Snædís Sunna Thorlacius. (2022). *Grafið í rústir Þingeyraklausturs : Áfangaskýrsla 2021*.
- Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir. (2014). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar – Trumbsvalir : Vettvangsskýrsla VII*.
- Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir. (2015). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar : Vettvangsskýrsla VIII*.
- Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir. (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi : Þingeyrar : Vettvangsskýrsla XV*.
- Vestfjarðarannáll elsti*. (1933). Annálar 1400–1800, bls. 21–87. Hið íslenska bókmenntafélag.
- Vestfjarðarannáll yngri*. (1933). Annálar 1400–1800, bls. 97–161. Hið íslenska bókmenntafélag.

Jarðlagaskrá

Jarðlög á svæði D

Náttúruleg lög

[27547] Malarlag

Malarlag sem virðist liggja yfir mest öllu svæði D norðan við gröf 15 [26643]. Ekki er víst hvort lagið sé náttúrulegt- eða mannvistarlag. Lagið er blandið mold. Greina má mun innan lagsins þegar það fær tækifæri til að þornar. Næst gröf 15 er lagið lausara í sér og moldarminna og þornar hraðar en norðar er lagið moldarmeira og þéttara. Það er mögulegt að leifar yfirborðs séu enn yfir nyrðri hluta lagsins.

Torflög

[26565] Torfhrun

Torfhrun og torf úr vegg 19. aldar byggingar. Svo virðist sem skorið hafi verið í austur hluta hrunsins og að þar sé 20. aldar gröf. Torfið er þétt, mikið til rauð- og grænleitt, með svörtum skellum ogeinstaka ljósri gjósku. Ekki var mögulegt að greina á milli hleðslu og hruns við skráningu en um 20 cm breið hleðsla er greinanleg næst sniði og fer áfram út fyrir svæðið. Ekki grafið upp.

[27211] Torfblandin mold

Blandað lag moldar og torfs sem er mjög laust í sér. Torf í laginu er mjög ógreinilegt en líklega var lagið torfhrun úr 19. aldar byggingunni sem grotnað hefur niður í mold. Mögulega sama og [26565] en mun verra farið. Efst í laginu er óregluleg röð af steinum sem markar vesturmörk þess. Við steinana vestarlega í laginu fannst mikið magn rúðuglerbrota. Rauði liturinn og svartar skellur er mjög hefðbundinn litur á hleðslutorfi á Þingeyrum en gætu einnig bent til bruna.

[27449] Blandað torflag

Blandað lag áfoksmoldar og torfs. Mögulega sama lag og [27503], þó það sé minna rautt. Eitthvað er um steina sem virðast koma úr laginu fyrir neðan. Malarlagið [27549] er mögulega blandað hruni úr 19. aldar byggingu. Malarlag [27549] er aðeins undir nyrsta hluta lagsins en annars er mun minna af steinum. Nokkrar grafir virðast hafa verið teknar í gegnum lagið, þar á meðal [27831]. Allt lagið var ekki grafið upp.

[27503] Blandað torflag

Blandað lag torfs og áfoksmoldar, þó að meirihluta torf. Eitthvað er um brunnin steinkol í laginu og merki um brennt torf á köflum. Hugsanlega sama lag og [27449] þó þar séu minni merki um mögulegan bruna. Tengt 19. aldar byggingunni. Liggur ofan á malarlagi [27547].

[28143] Torfhrun

Torfhrunslag, blandað mold austast í laginu. Nyrsti hluti lagsins eins og það var skráð líkist fremur hleðslutorfi og því líklegt að leifar torfhleðslu úr 19. aldar byggingu liggi undir því og undir hafti milli svæða C og D. Í laginu er stoðarhola [27869] og stórir steinar. Í kringum og undir

steinunum sem fjarlægðir voru er malarlag, svipað fyllingu [27879] stoðarholunnar [27869]. Stór steinn var mældur inn en ekki fjarlægður við prófíl. Ekki grafið upp.

Mannvistarlög

[26658] Grafarfylling, blandað lag malar og moldar

Fylling grafar 15 [26643]. Efst í laginu var steinahrúga án byggingarlags. Í laginu eru torfflyksur sem bendir til þess að grafið hefur verið í gegnum vegg. Engar byggingarleifar er þó að sjá í prófíl. Gröfin var tekin í gegnum malarlag [27547] en mikið var um mül í fyllingunni.

[27839] Torfblandin mold

Fylling í mögulegri gröf [27831]. Þegar hafist var handa við að grafa þessa einingu virtist hún vera eitt lag, en þegar neðar dró kom í ljós munur milli norður og suður hluta lagsins, sem hefur verið túlkað sem að um tvær grafir sé að ræða en ekki eina. Fyllingunum í þessum mögulegu gröfum voru gefin númerin [28300] og [28724]. Sjá frekari lýsingar á þeim.

[28300] Fylling í gröf

Fylling í mögulegri gröf [28598]. Við uppgröft á fyllingu [27839] varð ljóst að um tvær mögulegar grafir er ræða en ekki eina. Þetta lag er syðri hluti upprunalega lagsins [27839], en fylling [28724] er nyrðri hlutinn. Fyllingin er torfblandin mold, með þó nokkrum skellum af ljósu torfi og einstaka litlum steinum. Moldin er fremur laus í sér. Í torf skellunum er eitthvað af hvíttri gjósku. Lagið allt er töluvert einsleitara en [28724] en þó þéttara og inniheldur minna af steinum en meira af gripum. Ekki full grafið.

[28326]

Sjá [28724]

[28355]

Sjá [28724]

[27879] Fylling malarlag

Fylling fyrir stoðarholu [27869] tengd 19. aldar byggingu. Fyllingin er fín, dökk gráleit mül með einstaka grófari steinum.

[28724] Fylling í gröf

Fylling í mögulegri gröf [28623]. Við uppgröft á fyllingu [28739] varð ljóst að um fleiri lög væri að ræða en eitt og var þetta lag upprunalega skráð sem tvö lög, [28326] og [28355] en fjótlega kom í ljós að það voru mistök og að þessi lög væru eitt sem skráð var sem þessi fylling [28724]. Þetta lag er nyrðri hluti upprunalega lagsins [27839], en fylling [28300] er syðri hlutinn. Fyllingin er torfblandin mold með nokkuð af steinum (stærstir um 10 cm í þvermál). Torfflyksur mynda stutta (styttri en 30 cm) handahófskennda strengi á köflum sem bendir líklegast til þess að grafið hafi verið í gegnum torfhleðslu. Ekki full grafið.

Jarðlög á svæði E

Náttúruleg lög

[26150] Lag áfoksmoldar

Lag áfoksmoldar. Í laginu má finna einstakar dökkar og rauðar torfslettur. Eins má einnig finna einstaka gripi svo sem keramik og bein. NA-horn lagsins skorið af lagnaskurði. Koparþynna og járn hafa einnig fundist.

[26958] Lag áfoksmoldar

Lag áfoksmoldar. Þéttleiki lagsins er óreglulegur og er á köflum lausara í sér en annarsstaðar. Liggur ofan á móöskulagi [26852]. Mikið af steinum (minni en 15 cm í þvermál) í SV horni. Stundum smá rauður og appelsínugulur blær í SV horni. Skipt yfir í að nota skóflur í staðinn fyrir múrskaiðar sökum þess hve þykkt lagið var. Nokkur morkin dýrabein fundust í laginu.

Mannvistarlög

[28075] Blandað lag

Blandað lag áfoksmoldar, móösku og torfs. Lagið er staðsett í SV horni svæðisins. Móöskulagið [26852] lá ofan á þessu lagi. Lagið er að mestu brúnt á lit með bleikri móösku en einnig sjást rauðar og svartar torfskellur. Einnig voru leifar af fjólubláum skellum í laginu sem útskýrist af lífrænu efni í jarðveginum. Leifar af fjólubláa litnum sjást í suður sniði svæðis E.

[28389] Fylling í niðurgrefti

Grunnur niðurgreftur sem liggur við austur prófilinn. Rafmagnslínan sem liggur í NA-horninu sker í gegnum þennan niðurgreft. Hliðarnar í niðurgreftinum eru nokkuð beinar niður. Númer niðurgraftarins er [28229].

Öskulög

[26000] Viðaröskulag

Svart viðaröskulag. Inniheldur mikið af viðarleifum. Í laginu má einnig finna torfslettur (rauðar og appelsínugular). Í laginu er lítið um gripi en einstaka brennd bein má þó finna. Mikið af gjalli sem var merkt inn með alstöð. Smábitar af gjósku frá torfslettum, hvít og gul.

[26852] Móaska

Móaskan liggur á suðurhluta á svæði E. Torflag [28667] fór undir móöskuna. Í miðju laginu er prufuskurður [26031] frá 2017. Við suðaustur hluta lagsins er svo niðurgreftur sem var tekinn í tengslum við vistfræðirannsóknir. Það er mis mjúkt og bleiki liturinn er mis áberandi. Einstaka torfslettur og aska í laginu. Mikið af gjalli fannst í laginu. Sýni var tekið úr laginu. Lagið er skorið af könnunarskurði [26031] frá 2017. NV-horn lagsins virðist vera moldar blandaðra en annarsstaðar í laginu. Neðsti hluti NV hluta lagsins er mun ljósbleikari en sá efri og gæti verið meira blandað fitu. Undir þessu lagi fór torf að birtast. Í suðausturhorni svæðis E varð lagið þykkara. Þar lá lagið upp að kirkjugarðsveggnum [26047]. Þar var nokkuð um innskot af grá/brúnum jarðvegi með öskuslettum innan um móöskuna. Nokkuð um morkin dýrabein og brennda steina en líka nokkuð af gjalli. Þar sem lagið lá í suðausturhorni svæðis E var síðan mjög mikið af járnvinnslugjalli. Lagið liggur ofan á torflagi [28667] sem fer undir móöskuna. Við uppgröft var ákveðið að skipta lagi

[26852] upp í fleiri lög og voru því mæld inn móöskulögin [27749], [27904], [28063] og [28649]. Við úrvinnslu var ákveðið að lýsingar á þessum lögum væru mjög svipaðar og mörkin óskýr og því væru þessi lög hluti af móöskulaginu [26852].

[28484] Móaska

Lagið er í NV hluta E svæðis. Lagið liggur vestan við [28667] og um 3 metra frá norðursniði svæðisins. Einnig má benda á að lagið var undir torflaginu [28175]. Eitthvað af kolum fundust í laginu en í suðurhluta lagsins fundust líka einstaka steinar. Torflag sem liggur undir þessu lagi er að koma í ljós í vestur og austur hluta lags. Þvermál frá SV til NA er sirka 3 metrar. Mörk lagsins eru frekar skýr en renna saman í vesturhluta lags.

[28559] Blandað öskulag

Brúnt- og grænleitt lag sem liggur í SA horni svæðis E. Liggur að hluta til upp við og ofan á [28667]. Torf og móaska liggur undir laginu. Eitthvað blandað með móösku og kolablitum. Veggur [26047] næstum því rammur það inn nyrst. Dýrabein sem komu fram voru mörkin og brenndu beinin voru smá agnir og því ekki hirt. Öll dýrabein voru undir 3 cm og mörkin og því ekki hægt að bjarga. Einstaka kol og gjall voru ekki hirt. Neðsti hluti lagsins var blandaður af bleikri móösku og brúnleitu seti. Einstakir torfbitar (sirka 3cm þvermál) í laginu. Tveir sæmilega stórir steinar eru vestast og austarlega í laginu. Við austursnið var lagið alveg grænleitt. Græni liturinn kann að hafa orsakast af náttúrulegum efnum eins og til dæmis heyi. Liggur að einhverju leyti undir [26852]. Móaska er blönduð við lagið en einnig voru litlir svartir öskublettir í laginu. Lagið var upprunalega mælt inn sem þrjú lög, [28559], [28758] og [28110] en ákveðið var við úrvinnslu að þetta væri allt sama lagið.

[28769] Móaska og torfblanda

Verulega blandað lag sem inniheldur tvo mismunandi móöskubletti og torfblett sem er mjög skýr. Ekki er hægt að greina hvaða lag liggur ofan á hverju því var þetta lag skráð sem eitt stakt lag. Lagið liggur norður frá miðju svæðinu.

Torflög

[26047] Torfveggur

Torfveggur. Í torfinu má sjá ljósa gjösku. Ekki er ljóst hvaða gjöska það er. Í torfinu má sjá rauða og appelsínugula liti en einnig dökka ösku. Torfveggurinn er skorinn af könnunarskurði til austurs og lagnaskurði til norðurs.

[26120] Torfblandað lag

Torfblandað jarðlag í norðaustur horni svæðis E. Lagnaskurður [26101] sker lagið til suðurs og frá öðrum jarðlögum. Það er hugsanlegt að lag [26120] og [28667] séu í raun sama lagið en þar sem lagnaskurður [26101] kemur á milli þeirra að þá var ákveðið hafa þau sem sitthvort lagið. Lag [26120] er í raun mjög blandað og margvíslegir litir sjást í því. Til að mynda eru einnig móöskublettir sumstaðar í torfinu. Í laginu við austursnið uppgraftarsvæðisins fundust nokkrir steinar (um 10 cm í þvermál). Einn gjall moli og eitt morkið bein (<1cm) fannst efst í laginu. Austast í lagi [26120] má einnig sjá rautt torf en það er hugsanlegt að þetta torf sé hluti af torfvegg [26047] en lagnaskurður [26101] sker rauða torfið frá veggnum.

[26136] Torfblandað jarðlag

Lítið torfkennt lag í NV-hluta svæðis E. Einhverjir gripir eins og nagli og keramik. Áberandi appelsínugulur litur í torfinu. Einnig rauðir og dökkir litir.

[26619] Torfhrun

Endurmæling af [26477]. Í torfinu er gjóska sem er hvít/gul. Torfið er misþykkt. Sumstaðar er það mjög þunnt en þykkara á öðrum stöðum. Lítið um gripi en einstaka morkin bein. Einnig eru einstaka leifar af viðarösku í laginu en það er hugsanlega leifar af [26000]. Móöskulagið [26852] lá svo undir torfhrunslagi [26619].

[27191] Torfblandað moldarlag

Torfblandað moldarlag sem lá við norður prófílinn frá miðju. [26150] var ofan á laginu og [28667] var undir þessu lagi.

[28175] Blandað torf og áfoksmoldarlag

Lagið er í NV hluta svæðis E og lá undir [26852]. Lagið var ljósbrúnt á litinn og var blanda af áfoksmold og torfi. Í því sást líka hvít gjóska ásamt dökkri ösku.

[28667] Blandað torflag

Endurmæling af [28411]. Ákveðið að tengja saman torfið sem liggur fyrir miðju svæðis E og nær yfir stóran hluta þess. Lagið er misþykkt og litablettinir í því ólíkir eftir staðsetningu. Torfveggur [28832] er að birtast í því vestan við prufuskurðinn frá 2017. Sumstaðar eru skellur af ösku og/eða móösku í laginu en lagið er nokkuð stórt og virðist því mjög blandað. Ljós gjóska sem er líklega úr Heklugosi má sjá í torfinu en einnig eru rauðar, appelsínugular torfslettur algengar sem og svartar. Torfið í laginu leit stundum út eins og það gæti verið möguleg hleðsla en þegar grafið var í lagið kom í ljós að svo var ekki. Lagið er einnig skorið af lagnaskurði [26101] til norðurs.

[28832] Torfveggur

Torfveggur sem liggur SV frá miðju um það bil 3 metra suður áður en hann tekur skarpa beygju austur og endar í prufuskurðinum. Kringum vegginn er blandað torf. Veggurinn virðist halda áfram norður en einungis áframhaldandi rannsóknir munu skera úr um það.

Fundaskrá

Rann-sóknar-númer	Nr.	Dag-setning	Fundur	Efni	Lýsing	Svæði	Lag	Intrasis-nr.	Skráð af
2022-6	1	2.8.2022	Leirker	Keramik	Yfirborðs-hreinsun	E			
2022-6	2	2.8.2022	Leirker	Keramik	Lausafundur úr haugi	E			
2022-6	3	2.8.2022		Gler	Yfirborðs-hreinsun	E			
2022-6	4	2.8.2022		Gler	Lausafundur úr haugi	E			
2022-6	5	2.8.2022		Járn	Lausafundur úr haugi	E			
2022-6	6	2.8.2022		Járn	Yfirborðs-hreinsun	E			
2022-6	7	2.8.2022	Líkkistu skrúfa	Járn + kopar	Lausafundur úr haugi	E			
2022-6	8	2.8.2022		Kopar	Yfirborðs-hreinsun	E			
2022-6	9	2.8.2022	Unnin bein	Bein	Yfirborðs-hreinsun	E			
2022-6	10	2.8.2022		Textíll	Yfirborðs-hreinsun	E			DLD
2022-6	11	2.8.2022	Þollur/Keipur	Járn	Úr prófíl austur af svæði C.	C			SJK
2022-6	12	3.8.2022	Leirker	Keramik	Yfirborðs-hreinsun	D			
2022-6	13	3.8.2022		Gler	Yfirborðs-hreinsun	D			
2022-6	14	3.8.2022		Keramik	Yfirborðs-hreinsun	D			
2022-6	15	3.8.2022		Járn	Yfirborðs-hreinsun	D			
2022-6	16	3.8.2022		Kopar	Yfirborðs-hreinsun	D			
2022-6	17	3.8.2022		Ál	Yfirborðs-hreinsun	D			

2022-6	18	3.8.2022	Nagli	Viður	Yfirborðs- hreinsun	D			
2022-6	19	3.8.2022		Leður	Yfirborðs- hreinsun	D			
2022-6	20	3.8.2022		Textíll	Yfirborðs- hreinsun	D			
2022-6	21	3.8.2022	Mannaten- nur	Tennur	Lausafundur				SJK
2022-6	22	4.8.2022	Leirker	Keramik		E	[26000]	26323	VES
2022-6	23	4.8.2022	Snagi	Járn	Hreinsun á yfirborðslagi	E			VES
2022-6	24	4.8.2022		Gler	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	25	4.8.2022	Leirker	Keramik	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	26	4.8.2022	Leirker	Keramik	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	27	4.8.2022		Járn	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	28	4.8.2022		Kopar	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	29	4.8.2022	Hnappur	Kopar	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	30	4.8.2022	Kistu- skrúfa	Járn + kopar	Lausafundur				
2022-6	31	4.8.2022		Leður	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	32	4.8.2022		Leður	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	33	4.8.2022		Textíll	Hreinsun á yfirborðslagi				
2022-6	35	4.8.2022	Múrsteinn	Keramik	Hreinsun á yfirborðslagi	D			JOJ
2022-6	36	5.8.2022		Keramik	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	37	5.8.2022		Gler	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	38	5.8.2022	Þynna	Kopar	Hreinsun á yfirborðslagi	D			DFÍ

2022-6	39	5.8.2022		Járn	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	40	5.8.2022		Járn		E	[26000]	26336	ASÓ
2022-6	41	5.8.2022		Járn		E	[26150]	26337	DLD
2022-6	42	5.8.2022		Steinn	Kalsedón	E	[26150]	26378	DLD
2022-6	43	8.8.2022		Keramik	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	44	8.8.2022		Steinn	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	45	8.8.2022		Gler	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	46	8.8.2022		Járn	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	48	8.8.2022		Kopar	Hreinsun á yfirborðslagi	D			
2022-6	49	8.8.2022		Járn		E	[26460]	26476	ASÓ
2022-6	50	8.8.2022	Járn	Járn		E	[26150]	26401	VES
2022-6	51	8.8.2022		Járn		E	[26619]	26553	ASÓ
2022-6	52	8.8.2022		Járn		E	[26619]	26507	ASÓ
2022-6	53	8.8.2022		Járn		E	[26150]	26554	DLD
2022-6	54	8.8.2022		Járn		E	[26150]	26832	DLD
2022-6	55	8.8.2022		Kopar		E	[26150]	26383	VES
2022-6	56	8.8.2022		Steinn		E	[26150]	26389	SN
2022-6	58	8.8.2022		Keramik		E	[26150]	26556	DLD
2022-6	59	8.8.2022		Járn		E	[26150]	26390	VES
2022-6	60	8.8.2022		Járn		E	[26619]	26506	ASÓ

2022-6	61	8.8.2022		Járn		E	[26150]	26551	VES
2022-6	62	8.8.2022		Járn		E	[26150]	26511	DFÍ
2022-6	63	8.8.2022		Járn		E	[26220]	26381	DLD
2022-6	64	8.8.2022	Tönn	Bein	Hreinsun á yfirborðslagi	D	Yfirborð		
2022-6	65	17.8.2022	Skjöldur	Kopar	Gröf 15	D	Gröf 15		ÞHD
2022-6	66	17.8.2022	Hjartalaga skjöldur	Kopar	Gröf 15	D	Gröf 15		ÞHD
2022-6	67	9.8.2022	Leirker	Keramik	Faience	E	[26150]	26559	DLD
2022-6	68	9.8.2022		Gler	Mjög brennt og illa farið gler	E	[26136]	26563	ASÓ
2022-6	69	9.8.2022		Kopar	Mjög morkið	E	[26150]	26562	SN
2022-6	70	9.8.2022	Nagli	Járn		E	[26150]	26558	DLD
2022-6	71	9.8.2022	Leirker	Keramik	Faience, sama og 67	E	[26150]	26561	VES
2022-6	72	9.8.2022	Nagli	Járn		E	[26619]	26706	VES
2022-6	73	9.8.2022	Nagli	Kopar	Höfuð af nagla	E	[26619]	26708	DFÍ
2022-6	74	9.8.2022	Nagli	Kopar		E	[26619]	26709	ASÓ
2022-6	75	9.8.2022	Nagli	Kopar		E	[26619]	26713	DFÍ
2022-6	76	9.8.2022		Járn		E	[26619]	26767	DFÍ
2022-6	77	9.8.2022		Kopar	Hreinsun á yfirborði	D	Yfirborð		SBG
2022-6	78	9.8.2022		Járn	Hreinsun. Yfirborð	D	Yfirborð		JOJ
2022-6	79	9.8.2022	Leirker	Keramik	Hreinsun. Yfirborð	D	Yfirborð		JOJ
2022-6	80	10.8.2022		Blý		E	[26136]	26712	DLD

2022-6	81	10.8.2022	Nagli	Kopar	Höfuð af nagla	E	[26619]	26714	ASÓ
2022-6	82	10.8.2022	Þynna	Kopar		E	[26619]	26715	ASÓ
2022-6	83	10.8.2022		Steinn		E	[26220]	26723	DFÍ
2022-6	84	10.8.2022	Nagli	Járn		D	[26658]	26724	JOJ
2022-6	85	10.8.2022	Nagli	Kopar		E	[26619]	26766	DLD
2022-6	86	10.8.2022		Járn		E	[26619]	26769	DLD
2022-6	87	10.8.2022	Þynnur	Kopar		E	[26619]	26770	DLD
2022-6	88	10.8.2022		Steinn		D	[26658]	26777	JOJ
2022-6	89	10.8.2022	Nagli	Járn		D	[26658]	27007	JOJ
2022-6	90	10.8.2022	Leirker	Keramik	Verksmiðjuleir m. gylltu skrauti	E	Prufuskur ður		SBG
2022-6	91	11.8.2022	Nagli	Járn	Höfuð af nagla	E	[26958]	27073	VES
2022-6	92	11.8.2022	Nagli	Járn		E	[26958]	27074	VES
2022-6	93	11.8.2022	Nagli	Járn		E	[26958]	27075	SN
2022-6	94	11.8.2022		Gler		D	[26658]	27076	ÞHD
2022-6	95	11.8.2022		Gler	Málað, fínt glas eða vasi	D	[26658]	27077	SBG
2022-6	96	11.8.2022	Vikur	Steinn		D	[26658]	27078	JOJ
2022-6	97	11.8.2022	Leirker	Keramik	Yellowware	D	[26658]	27079	JOJ
2022-6	98	11.8.2022	Þynna	Kopar	Þynna m. nagla	D	[26658]	27080	DLD
2022-6	99	11.8.2022	Leirker	Keramik	Hugsanlega rauðleir	E	[26958]	27122	

2022-6	100	11.8.2022	Nagli	Járn		E	[26958]	27124	DLD
2022-6	101	11.8.2022	Nagli	Járn	Höfuð af nagla	E	[26958]	27125	DLD
2022-6	102	11.8.2022		Járn		E	[26958]	27126	ASÓ
2022-6	103	11.8.2022		Járn		E	[26958]	27127	ASÓ
2022-6	104	11.8.2022		Járn		E	[26958]	27128	ASÓ
2022-6	105	11.8.2022	Þynnur	Kopar	Virðast negldar eða skreyttar	E	[26958]	27129	ASÓ
2022-6	106	11.8.2022	Nagli	Járn		D	[26658]	27135	ÞHD
2022-6	107	11.8.2022	Nagli	Járn	Nagli/teinn	D	[26658]	27136	SBG
2022-6	108	11.8.2022	Nagli	Járn		D	[26658]	27137	SBG
2022-6	109	11.8.2022	Nagli	Járn		D	[26658]	27179	ÞHD
2022-6	110	11.8.2022	Leirker	Keramik		E	[26958]	27187	DLD
2022-6	111	11.8.2022		Steinn		E	[26150]	27188	SN
2022-6	112	11.8.2022	Nagli	Járn		E	[27191]	27189	SN
2022-6	113	11.8.2022	Nagli	Járn		D	[26658]	27190	ÞHD
2022-6	114	11.8.2022	Nagli	Járn		D	[27211]	27242	JOJ
2022-6	115	11.8.2022	Hnappur	Steinn	Skráð sem gler, líklegast tálgu-kol	D	[27211]	27243	JOJ
2022-6	116	11.8.2022	Þynna	Kopar		E	[26958]	27245	DFÍ
2022-6	117	11.8.2022	Nagli	Járn		E	[26958]	27323	DFÍ
2022-6	118	11.8.2022	Naglar	Járn		D	[26658]		ÞHD

2022-6	119	12.8.2022		Járn	Hugsanleg þjöl eða hurðarhúnn	E	[26958]	27322	VES
2022-6	120	12.8.2022		Steinn		E	[26958]	27321	VES
2022-6	121	12.8.2022	Þynna	Kopar	Tvö naglagöt, brotið upp úr öðru	D	[27547]	27324	ÞHD
2022-6	122	12.8.2022		Kopar	Blanda kopars og áls	D	[27547]	27325	SBG
2022-6	123	12.8.2022	Nagli	Járn		D	[27547]	27337	JOJ
2022-6	124	12.8.2022	Nagli	Járn		D	[27547]	27338	JOJ
2022-6	125	12.8.2022	Leirker	Keramik	Iðnaðarleir, hefur lent í eldi	E	[26120]	27339	SN
2022-6	126	12.8.2022	Nagli	Járn		E	[27191]	27340	VES
2022-6	127	12.8.2022	NAGli	Járn		E	[27191]	27341	VES
2022-6	128	12.8.2022		Járn		E	[26958]	27342	DFÍ
2022-6	129	12.8.2022	Þynna	Kopar		E	[26958]	27343	DLD
2022-6	130	12.8.2022	Leirker	Keramik	Iðnaðarleir með blómaskreyti. Diskur, djúpur.	D	Yfirborð	27344	JOJ
2022-6	131	12.8.2022	Leirker	Keramik	Iðnaðarleir. Skreyti Postulínsmóttíf.	D	Yfirborð	27345	JOJ
2022-6	132	12.8.2022	Nagli	Járn		D	[27211]	27362	JOJ
2022-6	133	16.8.2022	Tönn	Bein	Sent í kolefnisaldursgreiningu	E	[26852]	27865	DLD
2022-6	134	15.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27364	JOJ
2022-6	135	15.8.2022	Leirker	Keramik	Hvítleitt.	D	Yfirborð	27366	JOJ
2022-6	136	15.8.2022	Leirker	Keramik		D	Yfirborð	27367	JOJ
2022-6	137	15.8.2022		Járn		D		27368	ÞHD

2022-6	138	15.8.2022	Leirker	Keramik		D	Yfirborð	27369	SBG
2022-6	139	15.8.2022	Pynna	Kopar		D	Yfirborð	27370	SBG
2022-6	140	15.8.2022	Leirker	Keramik		D	Yfirborð	27371	SBG
2022-6	141	15.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27399	JOJ
2022-6	142	15.8.2022		Gler		D	[27211]	27402	JOJ
2022-6	143	15.8.2022		Járn		D	Yfirborð	27408	SBG
2022-6	144	15.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27409	JOJ
2022-6	145	15.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27410	JOJ
2022-6	146	15.8.2022	Nagli	Járn		D	[27211]	27400	JOJ
2022-6	147	15.8.2022	Nagli	Járn		D	Yfirborð	27411	SBG
2022-6	148	15.8.2022		Gler		D	Yfirborð	27413	SBG
2022-6	149	15.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27414	JOJ
2022-6	150	15.8.2022	Leirker	Keramik		D	Yfirborð	27415	SBG
2022-6	151	15.8.2022	Leirker	Keramik		D	Yfirborð	27416	SBG
2022-6	152	15.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	27683	DLD
2022-6	153	15.8.2022	Nagli	Járn + viður		D	[27449]	27684	DLD
2022-6	154	15.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	27685	DLD
2022-6	155	15.8.2022	Nagli	Járn		E	[26852]	27706	DLD
2022-6	156	15.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	27686	DLD
2022-6	157	15.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	27700	JOJ

2022-6	158	15.8.2022	Þynna	Kopar		D	[27449]	27701	JOJ
2022-6	159	15.8.2022	Þynna	Kopar		D	[27449]	27702	JOJ
2022-6	160	15.8.2022		Kopar		D	[27449]	27703	JOJ
2022-6	161	15.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	27847	ÞHD
2022-6	162	15.8.2022		Járn		D	[27449]	27847	JOJ
2022-6	163	15.8.2022		Járn		D	[27449]	27850	DLD
2022-6	164	15.8.2022		Textíll + kopar		D	[27839]	27854	DLD
2022-6	165	15.8.2022	Perla	Raf		D	[27839]	27856	DLD
2022-6	166	15.8.2022	Nagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]		ÞHD
2022-6	167	15.8.2022	Nagli	Járn	Prufuskurður	E	[26031]		SN
2022-6	168	15.8.2022	Leirker	Keramik		E	[26031]		SN
2022-6	169	16.8.2022		Gler		D	[27211]	27747	SBG
2022-6	170	16.8.2022	Kvars	Steinn		D	[27211]	27743	SBG
2022-6	171	16.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27744	SBG
2022-6	172	16.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27745	SBG
2022-6	173	16.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27747	SBG
2022-6	174	16.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27211]	27748	SBG
2022-6	175	16.8.2022		Gler		D	[27211]	27815	SBG
2022-6	176	16.8.2022		Gler		D	[27211]	27816	SBG
2022-6	177	16.8.2022	Brýni	Steinn	Flöguberg	D	[27211]	27817	SBG

2022-6	178	16.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	27818	JOJ
2022-6	179	16.8.2022		Járn		D	[26658]	27819	SBG
2022-6	180	16.8.2022	Nagli	Járn		D	[27547]	27820	SBG
2022-6	181	16.8.2022	Nagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	27821	ÞHD
2022-6	182	16.8.2022	Nagli	Viður	Gröf 15	D	[26658]	27828	ÞHD
2022-6	183	24.8.2022	Bein	Bein	Sent í kolefnis- aldursgreiningu	E	[28667]	28814	ASÓ
2022-6	184	16.8.2022	Nagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	27830	ÞHD
2022-6	185	16.8.2022	Leirker	Keramik		D	[27839]	27858	JOJ
2022-6	186	16.8.2022	Nagli	Járn		D	[27839]	27857	JOJ
2022-6	188	16.8.2022	Rúðugler	Gler		D	[27449]	27851	JOJ
2022-6	189	16.8.2022	Nagli	Járn		E	[27418]	27864	DFÍ
2022-6	190	17.8.2022	Nagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	27953	ÞHD
2022-6	191	17.8.2022		Kopar		E	[27418]	28032	DFÍ
2022-6	192	17.8.2022		Járn		E	[26852]	28033	ASÓ
2022-6	193	17.8.2022	Þynna	Kopar		D	[27449]	28055	JOJ
2022-6	194	17.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	28057	JOJ
2022-6	195	17.8.2022		Járn		E	[26852]	28059	ASÓ
2022-6	196	17.8.2022	Nagli	Járn	Prufuskurður	E	[26031]		DLD
2022-6	197	17.8.2022	Leirker	Keramik	Prufuskurður	E	[26031]		DLD
2022-6	198	18.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	28060	JOJ

2022-6	199	18.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	28061	JOJ
2022-6	201	18.8.2022		Bly		D	[27839]	28073	JOJ
2022-6	202	18.8.2022	Nagli	Járn		D	[27449]	28074	JOJ
2022-6	203	18.8.2022	Nagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28128	SBG
2022-6	204	18.8.2022	Nagli	Kopar		D	[27839]	28133	JOJ
2022-6	205	18.8.2022	Þynnur	Kopar		D	[27449]	18135	JOJ
2022-6	206	18.8.2022	Nagli	Járn		D	[27839]	28136	JOJ
2022-6	207	18.8.2022	Nagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]		SBG
2022-6	208	18.8.2022	Steinn	Steinn		D	[27839]	28142	JOJ
2022-6	209	3.8.2022	Viðarnagli	Viður	Yfirborðs- hreinsun	D			
2022-6	210	5.8.2022	Skósóli	Leður	Yfirborðs- hreinsun	D			JOJ
2022-6	211	8.8.2022		Textíll	Yfirborðs- hreinsun	D			ÞHD
2022-6	212	18.8.2022	Óþekkt + lífrænt	Textíll	Gröf 15	D	[26658]		ÞHD
2022-6	213	18.8.2022	Kopar + textíll	Kopar		E	[28075]	28131	VES
2022-6	214	22.8.2022		Textíll	Gröf 15	D	[26658]	28166	ÞHD
2022-6	215	23.8.2022		Textíll	Gröf 15	D	[26658]	28753	ÞHD
2022-6	216	22.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28140	SBG
2022-6	217	22.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28141	ÞHD
2022-6	218	22.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28164	ÞHD
2022-6	219	22.8.2022		Steinn		D	[27839]	28165	SBG

2022-6	220	22.8.2022		Steinn		E	[26852]	28167	SN
2022-6	221	22.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28170	ÞHD
2022-6	222	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28171	ÞHD
2022-6	223	22.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28172	ÞHD
2022-6	224	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28173	ÞHD
2022-6	225	22.8.2022	Nagli	Járn		D	[27839]	28174	JOJ
2022-6	226	22.8.2022	Nagli	Járn		D	[27839]	28207	SBG
2022-6	227	22.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28241	ÞHD
2022-6	228	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28242	ÞHD
2022-6	229	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28243	ÞHD
2022-6	230	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28244	ÞHD
2022-6	231	22.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28245	ÞHD
2022-6	232	22.8.2022		Gler	Mjög brennt og illa farið gler	D	[27839]	28246	JOJ
2022-6	233	22.8.2022	Þynna	Kopar		D	[27839]	28247	SBG
2022-6	234	22.8.2022	Nagli	Járn		D	[27839]	28248	JOJ
2022-6	235	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28403	ÞHD
2022-6	236	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28404	ÞHD
2022-6	237	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28405	ÞHD
2022-6	238	22.8.2022		Járn	Gröf 15	D	[26658]	28406	ÞHD
2022-6	239	22.8.2022	Nagli	Járn		E	[28229]	28407	ASÓ

2022-6	240	22.8.2022	EYTT	Steinn		D	[28300]	28409	SBG
2022-6	241	22.8.2022	Tönn	Bein			[28300]	28408	SBG
2022-6	242	22.8.2022	Leirker	Keramik		D	[28300]	28410	SBG
2022-6	243	22.8.2022	Nagli	Járn		D	[27499]	28465	SBG
2022-6	244	22.8.2022	Nagli	Járn		D	[28355]	28466	JOJ
2022-6	245	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28467	ÞHD
2022-6	246	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28468	ÞHD
2022-6	247	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28469	ÞHD
2022-6	248	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28470	ÞHD
2022-6	249	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28471	ÞHD
2022-6	250	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28472	ÞHD
2022-6	251	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28473	ÞHD
2022-6	252	22.8.2022	Nagli	Járn		D	[28300]	28474	SBG
2022-6	253	22.8.2022	Steinn	Steinn		D	[28300]	28475	SBG
2022-6	254	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28476	ÞHD
2022-6	255	22.8.2022	Nagli	Járn		D	[28355]	28477	JOJ
2022-6	256	22.8.2022	Þynna	Kopar		D	[28300]	28478	SBG
2022-6	257	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28479	ÞHD
2022-6	258	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28480	ÞHD
2022-6	259	22.8.2022	Kistunagli	Járn + viður	Gröf 15	D	[26658]	28481	ÞHD

2022-6	260	22.8.2022	Þynna	Kopar		D	[28300]	28482	SBG
2022-6	261	22.8.2022	Þynna	Kopar		D	[28300]	28483	SBG
2022-6	262	22.8.2022		Steinn		D	[28300]	28550	SBG
2022-6	263	22.8.2022	Tönn	Bein	Lausafundur				ÞHD
2022-6	264	23.8.2022	Kistunagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28512	SBG
2022-6	265	23.8.2022		Steinn		D	[28355]	28552	JOJ
2022-6	266	23.8.2022		Járn		D	[28300]	28554	SBG
2022-6	267	23.8.2022	Jaspis	Steinn		D	[28355]	28555	JOJ
2022-6	268	23.8.2022	Nagli	Járn		E	[28667]	28558	VES
2022-6	269	23.8.2022		Kopar + viður		E	[28484]	28665	DLD
2022-6	270	23.8.2022	Nagli	Járn	Gröf 15	D	[26658]	28752	ÞHD
Í ágúst 2022 fannst signethringur og tveir aðrir gullhringar sem líktust giftingarhringum í gröf sem opnuð hafði verið á Þingeyrum. Í stærri giftingarhringinn var grafið á ensku: „Two bodies one heart“. Á innsiglihringnum mátti lesa speglaða hástafi O M [eða H?] G.¹ Einnig fundust tveir grómaðir málmskildir í gröfinni. Eftir nokkrar tilraunir til að mynda skildina og rýna í þá tókst að greina á fyrri skildinum myndir af englum að blása í lúðra. Englana má túlka sem tákni um dómsdag og upprisu hins látna. Úr lúðri hægri engilsins koma bókstafirnir PS, sem gætu staðið fyrir gríska bókstafinn Ψ (psi) og táknað “Sálmur”, og þar næst talan 85 (Sálmur 85?). Út úr lúðri vinstri engilsins virðast koma bókstafirnir ES (Esekíel?) og þar næst tölur, fyrst rómverska talan IX og síðan V 9 10 (Vers 9 og 10?). Englana má ef til vill bera saman við skreytingu á gullramma málverks af fjölskyldu Lárúsar Gottrups klausturhaldara á Þingeyrum sem er á Þjóðminjasafninu.² Ennfremur má finna eitthvað sambærilegt í lýsingu Gottrupskirkju í úttekt hennar frá 1704: „Dyr eru á syðri síðu Kórsins með [7r] úthöggvinni farvaðri töflu, þar yfir með bildhöggvaraverki fallega *proportioneræðri* og utan á settum listum allt um kring, á hverja úthöggvin er Christi upprisa ásamt 7. versu af Sálminum Davíðs 5., yfirdreginn með aðskiljanlegum olúfarva.“³ Tilvísanir til sálmsins hér minna kannski á áletrun skjaldarins.

Á síðari skildinum virtist strax vera um að ræða latneska grafskrift hins látna en nákvæm uppskrift textans reyndist ógerleg vegna grómsins og bókstafir eru einnig víða horfnir þar sem vinstri kanturinn er brotinn af. Forsendur breyttust í desember 2022 þegar Sandra Sif Einarsdóttir forvörður á Þjóðminjasafninu útvegað verkefninu röntgenmyndir af skjöldunum (sjá Mynd 1 og 2). Á nýju myndunum var hægt að lesa grafskriftina mun betur en áður. Að vísu vantaði fyrstu fjóra

¹ Í ágúst 2021 hafði einnig fundist signethringur með spegluðum upphafsstöfum (I T) og skjaldamerki (tveir einhyrningar, annar yfir hinum, sá neðri á skildi en sá efri á hjálmi). Um er að ræða merki Eggerts Eggertssonar lögmanns í Víkinni í Noregi sem var aðlaður 1488. Sonarsonur hans, Eggert Hannesson lögmaður, fékk staðfestingu á merkinu hjá Kristjáni 3. árið 1554 handa sér og afkomendum sínum. Þegar ég gerði leit að afkomanda þessara manna sem gæti hafa verið jarðaður á Þingeyrum og haft upphafsstafina I T fann ég Jón Þorleifsson (upphafsstafi hans mátti á 17. öld skrifa með I fyrir Jón og T fyrir Thorleifsson, þ.e. Þorleifsson), klausturhaldara á Þingeyrum, sem samkvæmt annálum lést í lok febrúar, byrjun mars árið 1682. Jón var í móðurættina barnabarnabarn Ragnheiðar Eggertsdóttur og Magnúsar prúða og mátti þess vegna bera skjaldamerki Eggertanna. Gottskálk Jensson, „Heimildir um klausturkirkjuna og bókasafnið á Þingeyrum“. *Gripla XXXIII* (2022): 265–327.


² Sjá Gunnar Hannesson og Þóra Kristjánsdóttir, „Málverkið af Lauritz Gottrup lögmanni og fjölskyldu hans“, *Saga* 47:1 (2009), 7-12.

³ Gottskálk Jensson, „Heimildir um klausturkirkjuna og bókasafnið á Þingeyrum“, 317-318.

bókstafina í nafn þess sem átti kistuna, „[BERN]HARDI“ (í ef.), en þeir voru horfnir með vinstri kantinum sem vantaði á skjöldinn. Hálfðan Einarsson skólameistari á Hólum og fleiri íslenskir latínuhöfundar á síðari hluta 18. aldar nota latnesku nafnmyndina „Bernhardus“ fyrir íslenska nafnið Bjarni. Sömuleiðis má skilja „HALTHOREI“, sem er næsta orð á eftir, sem eignarfall latneskrar umritunar fyrir Halldórsson. Af samanburði nafnsins og dánarársins, sem skýrt kemur fram í grafskriftinni („177III“, þ.e. 1773, þótt undarlega sé ritað) varð ljóst að kistan hlyti að hafa tilheyrt Bjarna Halldórssyni klausturhaldara á Þingeyrum frá 26. apríl 1738 til dauðadags, 7. janúar 1773. Bjarni gegndi embætti rektors í Skálholtsskóla 1722-1727 og var skipaður sýslumaður í Húnavatnssýslu í mars 1729 en því embætti hélt hann til dauðadags. Sömu upplýsingar um starfsferilinn má lesa úr grafskriftinni. Bjarni var giftur Hólmfríði dóttur Páls lögmanns Vídalín en eftir að hún dó af barnsförum 1736 giftist hann ekki aftur. Það gæti skýrt hvers vegna tveir giftingarhringar fundust í kistu hans, enda siður ekkla og ekkna að bera hring látins maka auk eigin hrings. Ástæða enskrar áletrunar á hring í íslenskri gröf hefur þó ekki verið skýrð því engum sögum fer af sérstökum tengslum Bjarna við England eða enskukunnáttu hans. Hugsanlega hefur Bjarni keypt hringinn í Kaupmannahöfn á námsárum sínum þar 1720-1721.




Mynd 1



Mynd 2

Fyrstu drög að uppskrift áletrunarinnar voru gerð á grundvelli röntgenmyndarinnar og með hennar hjálp mátti þannig í aðalatriðum greina textann. Þegar merkingin varð nokkurn vegin ljós, fannst líkræða Bjarna Halldórssonar útgefin í Kaupmannahöfn 1777 en þar aftan við latnesk grafskrift að heita má samhljóða textanum á skildinum. Líkræðan er sögð vera eftir Bjarna Jónsson prófast á Breiðabólstað. Ritið var gefið út að tilhlutan Ástríðar dóttur Bjarna eins og fram kemur á titilsíðunni: „Að Forlage / Astridar Biarnadottur / Vidalin, / er til Islands influttur einn Steinn af / Marmara, / yfir hennar Sal. Fødur, / Syslumann / Biarna Haldorsson, / Hvørn hun alleina hefur bekostad sem / eldsta Barn, so vel til heidurs sinum / hattelskada Fodur, sem odrum / Naungum [þ.e. nánustu skyldmendum]. / Vivit post funera virtus. / Kaupmannahøfn / Prentad hiaa Paul Hermann Hoecte. 1777.“ Aftast í eintaki Landsbókasafns sem birt hefur verið í stafrænni endurgerð á vef safnsins, baekur.is, er áletrunin prentuð undir fyrirsögninni „EPITAPHIUM“ sem eflaust var einnig letruð í marmarann (sjá Mynd 3).⁴

⁴ Stafræn endurgerð á vef Landsbókasafnsins, baekur.is: https://baekur.is/bok/c6bcc888-2ed1-4115-a80a-e552c50f4516/0/1/Ad_forlagi_Astridar#page/n0/mode/2up. Síðast sótt: 23. janúar 2023.



Mynd 3

Ef frá er talinn yfirskriftin og kveðskapurinn á íslensku sem rammaður er inn í hornum steinsins – og væntanlega hefur einnig verið grafinn í marmarann⁵ – hljóðar áletrun steinsins svo stafrétt:

⁵ Kvæðið hljóðar svona með samræmdri stafsetningu að því leyti sem það skemmir ekki braginn:

Hrósar nú sigri á himins trón,
 herrans útvalið barn og þjón,
 blessaða kórónu ber nú hann,
 Bjarne Halldórsson sýslumann,
 sem hér í veröld vandaði
 vel með röksemd sitt embætti.

Ástvinir samt þó sakni hans
 sé þeim það huggun best til sans,
 ástríðir hann nú ekki neitt,
 er honum besta hvíldin veitt,
 ástúðleg sjón Guðs andlites,
 eilíf vegsemd og tignar sess.

CONDUNTUR / HOC CAPULO / EXUVIÆ / VIRI / NOBILISSIMI &
CONSULTISSIMI / BERNHARDI HALTHORÆI, / QVI / SUMMA
GRAVITATE VIGILANTIA & JUS- / TITIA. / FASCES SCHOLÆ
SGHALHOLTINÆ / per annos V. / TOPARCHIAM HUNAVATNENSEM / per
annos XLV. / COENOBIUM THINGORENSE / & ejus latifundia / per annos
XXXV. / moderabatur. / Pie & placide anno ætatis suæ / LXXII. die VII. Januarii /
denatus. / Impensis / A. V. / 1777.

Upplýsingarnar í lokin um að Ástríður Vídalín („A. V.“) hafi greitt fyrir steininn („impensis“) árið 1777 hafa þó ekki staðið á kistu Bjarna og vísa þær aðeins til steinsins. Að öðru leyti er prentaði textinn eins og sá á kistunni með smávægilegum frávikum í stafsetning og talnatáknum:

[C]ONDVNTVR / [HOC] CAPVLO / EXUVIÆ / VIRI / [N]OBILISSIMI
ET / CONSULTISSIMI / [BERN]HARDI HALTHOREI / QVI / [SVMM]A
GRAVITATE VIGILANTIA / IUSTITIA / [FASCE]S SHOLÆ SKALHOL- /
[TI]NÆ PER ANNOS V, / [TOPAR]CHIAM HUNAVATN- / [ENS]EM PER
ANNOS 45, / [COEN]OBIUM THINGEYR- / [ENSE E]T EIUS LATIFUNDIA
PER / [ANNO]S 35 MODERABAT- [VR. PI]E ET PLACIDE ANNO /
[Æ]TATIS SUÆ 71, D 7 / IAN 177III / DENATUS.

Latneska textann má þýða svo á íslensku:

Í þessari líkkistu eru varðveittar líkamsleifar hins hágöfuga og hálærða herra Bjarna Halldórssonar sem með miklum myndugleik, árvekni og réttvísi stýrði Skálholtsskóla í 5 ár, Húnavatnssýslu í 45 ár og Þingeyraklaustri og jörðum þess í 35 ár. Hann andaðist í Guðs friði á 71. aldursári sínu, 7. dag janúarmánaðar 1773.

Jón Espólín og Bogi Benediktsson þekkja söguna af steini Bjarna Halldórssonar: „legsteinn, er ætlaðr var ok útfluttr, var aldrey nýtttr; gáfu erfíngjar sik meira vid at deila um fèð“ (Íslands Árbækur í sögu-formi. X. deild [Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1848; ljósprentuð 2. útgáfa 1947], 107); „Jón vísilögmaður hafði forgöngu um að pantaður yrði veglegur legsteinn frá útlöndum á leiði Bjarna. Þegar steinninn var nýkominn til landsins dó Jón, og ekki höfðu aðrir erfingjar framtakssemi til að setja hann á sinn stað. Mun hann hafa endað sem gangstéttarhella eða þrepskjöldur framan við kaupmannsbúðina í Höfðakaupstað (nú Skagaströnd)“ (Sýslumannaæfir I,

619). Ummæli Boga Benediktssonar vekja vonir um að enn megi finna stein Bjarna hjá kaupmannsbúðinni á Skagaströnd. Hér er annars nokkurt ósamræmi ef borið er saman við texta titilsíðu útgáfunnar frá 1777 og það sem stendur neðst í áletrun steinsins, þ.e. að Ástríður hafi átt frumkvæðið að því að láta gera steininn og greitt fyrir hann. En misræmið þarf ekki að vera ósættanlegt. Jón varalögmaður Ólafsson (1729 – 20. janúar 1778) var eiginmaður Þorbjargar dóttur Bjarna Halldórssonar. Jón hefur þá ásamt Ástríði mágkonu sinni getað staðið að innflutningi steinsins en áletraður marmarinn komið í land með skipi á Höfðakaupstað (Skagaströnd). Jóni hefur þó ekki tekist áður en hann lést þann 20. janúar 1778 að koma steininum fyrir í Þingeyrakirkju yfir gröf Bjarna Halldórssonar tengdaföður síns. Kannski hefur steinninn ekki náð til landsins áður en Jón veiktist eða lést. Aðrir ættingjar Bjarna hafa ekki heldur komið því í verk, ef marka má söguna.

Öðru máli gegndi um Lárus Gottrup sem lét gera stein fyrir sig, sem hefur verið settur yfir gröf hans í kirkjunni sem hann lét byggja á Þingeyrum árið 1695, en þar inni norðanvert í kórnum var hann grafinn samkvæmt annál einum (sbr. Annálar 1400-1800 I, 518). Sá steinn er raunar varðveittur í kirkjunni sem nú er á Þingeyrum. Líklega hefur Bjarni verið grafinn inni í kirkjunni á Þingeyrum nálægt Gottrup. Hann og ættingjar hans hafa þá viljað láta setja stein yfir gröf hans. Ólíklegt er að Bjarni og Vídalínarnir í fjölskyldu hans hefðu sætt sig við minni sæmd en þá sem Lárus Gottrup varð aðnjótandi? Gröf Bjarna er mjög nálægt gröfum tveggja annarra klausturhaldara sem fundust á Þingeyrum sumarið áður (2021), þeirra Jóns Þorleifssonar sem lést í lok febrúar eða byrjun mars árið 1682 og Odds Stefánssonar klausturhaldara á Þingeyrum frá 1783 sem lést í janúar 1804. Grafir þessara klausturhaldara á Þingeyrum hafa að öllum líkindum verið í einum hnapp við altarið inni í kirkjunni þar sem Lárus Gottrup hvíldi einnig. Því miður hefur gröf Gottrups ekki enn fundist svo hægt sé að staðfesta þessa kenningu.

Jón Espólín segir óvirðulegu sögu af greftrun Bjarna Halldórssonar á sama stað og hann ræðir um steininn misheppnaða, sem áður var nefndur, að „líkmenn steypu kistu hans, er hann var grafinn, svo, at nidr sneri höfðahlutin, ok fengu ei lagat því at hrið var mikil“ (Íslands Árbækur í sögu-formi. X. deild [Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1848; ljósprentuð 2. útgáfa 1947], 107). Sömu sögu er að finna hjá Boga Benediktssyni í áður nefndum kafla um Bjarna og endalok hans: „Staklegt illviðri af snjóhríð og stormum gekk þá er Bjarni var jarðaður; hafði gröfin verið gjörð of stutt, svo kistunni var steyp á höfðahlutann í hana og komst eigi almennilega öll niður“ (Sýslumannaæfir I, 619). Líkindi með orðalagi benda til að Bogi hafi sína frásögn frá Espólín og þrjóni jafnframt við hana. Þetta er þó ekki öldungis öruggt því í smágrein í afmælisriti Kristjáns Eiríkssonar hefur Jón Torfason bent á að minni sé þekkt í þýskum bókmenntum.

Hríð eða illviðri hefur þó ekki gert mönnum erfitt fyrir ef Bjarni hefur verið jarðaður inni í kirkjunni á Þingeyrum eins og margt bendir til. Hins vegar getur frost í jörðu hafa hindrað að hægt

væri að grafa í kirkjugólfinu enda verið jafn kalt inni í kirkjunni og úti. Athuga má hvort eitthvað verði ráðið um greftrunarstaðinn af líkræðunni: „vor Lofsverde Sal. Valdsmaður BIARNE HALDORSSON hvers Likame her liggur frammlidenn fyrir vorum Augum, sem viliumm nu innann litels Tjma fylgia hönunum til sins sidarsta Svefn herbergs Grafarenar“ (Að Forlage Astridar Biarnadottur Vidalin, 5). Að tala um gröf Bjarna sem „síðasta svefnherbergi“ hans vísar kannski til þess að Bjarni var rúmfastur árum saman áður en hann dó, eins og segir í líkræðunni. Á þetta orðfæri betur við ef hola átti kistunni niður í kirkjugólfið en ef bera átti hana út úr kirkjunni og setja niður í gröf í kirkjugarðinum? Heldur finnst mér það trúlega, þótt ekki sé tilfinningin einhlít.

Bjarni lést um miðjan vetur, 7. janúar, og ef sagnirnar um hríðarveður og snjó eru sannar gæti hafa verið frost í jörðu undir kirkjugólfinu. Þá hefur verið erfitt að grafa og gröfin orðið grynri, styttri og mjórri en annars. Að sögn Steinunnar Kristjánsdóttur forleifafræðings og teymis hennar sem fann gröf Bjarna Halldórssonar var það sérkennilegt við gröfina „að fæturnir voru greinilega ofar en höfuðið, en þó ekki svo að kistan hafi staðið upp á endann í gröfinni. En gröfin var grunn, mikið grynri en gröf Jóns Þorleifssonar. Ég gæti trúað að það munaði heilum metra“ (Steinunn Kristjánsdóttir, tölvupóstur 14. dec. 2022). Þetta gæti vel samræmst sögninni um útför Bjarna sem Espólín og Bogi Benediktsson þekktu. Í úttekt Gottrups kirkju frá 1704 er gólfinu inni í kirkjunni lýst svona: „Samfellt fjalagólf er beggja vegna altarisins, jafnhátt gráðunni [tröppunni upp að altarinu] og þar fram frá <með> konstlega niðurlögðu múrgrjóti [þ.e. múrsteinum]. Norðan fram í kórnum er fjalagólf í útbrotinu og eins að sunnanverðu.“ („Heimildir um klausturkirkjuna og bókasafnið á Þingeyrum“, 319). Til þess að taka gröfina inni í kirkjunni hefur því þurft að rjúfa fjalagólfið nærri kórnum áður en hægt væri að grafa. Altarið stóð á eins konar upphækkuðum palli og sennilega holrými undir. Það hefur ekki gert mönnum auðveldara um vik að athafna sig við að grafa djúpa gröf í frosna jörðina fyrir neðan. Sagt er að Bjarni hafi verið svo feitur að hann átti erfitt með gang, kista hans hefur því verið stærri og þyngri en venjulega. Þá er ekki undarlegt að um þessa greftrun hafi spunnist sögur, þótt þær sögur hafi kannski afbakast með tímanum. Jón Espólín var smábarn þegar Bjarni Halldórsson var jarðaður. Hann hefur haft söguna frá öðrum.

Viðauki 2

Appendix: ancient DNA, isotope, and osteological analyses

Strand Report by Joe W. Walser III

Strand leader:

Dr. Joe W. Walser III, Curator of Physical Anthropology, National Museum of Iceland

Team members:

Dr. Tina Jakob, Archaeological Science Technician, Durham University
Dr. Janet Montgomery, Professor, Durham University

Sigríður Sunna Ebenesersdóttir, Research Scientist, deCODE Genetics

Dr. Agnar Helgason, Research Scientist and Professor, deCODE Genetics and University of Iceland

Ancient DNA analyses

During 2022, six tooth samples that were found during excavations at Þingeyrar (2016, 2018), directed by Prof. Steinunn Kristjánsdóttir (PI), were selected for ancient DNA analyses. Samples are preferentially selected from molars, particularly where the antimere of the sampled tooth is present. The samples were first described (e.g., calculus, caries, antemortem tooth loss, periodontal disease, linear enamel hypoplasia, dental attrition, and other notable characteristics). They were then photographed, and moulds were made, prior to the mechanical cleaning and removal/storage of the dental enamel. The teeth were placed in Eppendorf sample columns for ancient DNA analysis at deCODE genetics.

Four of the samples (2018-28-343, 2016-14-44, 2016-14-46, 2016-14-13) have been analysed and all yielded sufficient endogenous DNA. Of these four samples, there was one male and three females, all of which were Icelandic by ancestry. The female individual also underwent isotope and radiocarbon dating (date to ca. 1600 and showed a mixed marine and terrestrial diet). The two remaining prepared samples, alongside an additional eight samples from 2021 and 2022 will be prepared and the analyses will commence this spring. Of these eight samples, three of the individuals' names (Bjarni Halldórsson, Jón Þorleifsson, and Oddur Stefánsson) have been identified and can be investigated not only scientifically but historically as well.

Isotope analyses

In 2022, six samples were prepared (described, moulded, photographed, cleaned, and sectioned) sent to Durham University for isotope analyses for dietary (CNS) and provenance (Sr, O, and trace elements: Pb, Sb, Zn, As, Hg, Sr, Ba, Cd) estimation. The tooth samples (n=6) were selected from 2021-39-84, 2021-39-22, 2021-39-83, 2021-39-82, 2017-22-17, and 2022- 6-Grave 15. Three of

these samples were from individuals identifiable by name (see above). These three individuals will also undergo incremental dentine analysis, providing information about changes in their diets and health over the period in which the selected dental samples develop during life. This will be particularly informative in the case of one individual that was in their mid-20s at the time of death. These same three individuals will also undergo ancient DNA analysis this spring, as described above.

The results of the isotope research will form the basis of an article planned for submission and the end of spring 2023, and the data that will be presented at the European Association of Archaeologists conference in Belfast, Northern Ireland, UK taking place between the 30th of August and the 2nd of September 2023.

Osteological analyses

The remains of one complete individual were excavated in 2022 (2022-6-Grave 15) and brought to the National Museum of Iceland for analysis, sampling, and permanent curation. The identity of the individual (Bjarni Halldórsson) is known from the archaeological objects included in/around the burial. Furthermore, several descriptions about Bjarni, his life, occupation, and even appearance are preserved and available.

The osteological analyses showed the skeletal remains were in poor to medium preservation, except for the cranial bones, mandible, and teeth, which were in good preservation. Tooth samples were thus selected for ancient DNA and isotope analyses. Sex estimation results were in line with the known identity, indicating a male individual. Age estimation could only be performed from dental attrition analyses, which is not always reliable on skeletal remains found in Iceland due to the method being developed on populations with very different diets and ecologies. The age estimation nonetheless indicated that the individual was a middle-aged adult at the time of death but did not imply that he was as advanced in age as he is known to have been according to historical documentation.

The good preservation of the teeth allowed for a complete dental analysis. There was a higher rate of dental attrition in the upper and lower left dental arcades than on the right side, implying that the individual may have preferred left-sided mastication. This could be due, for example, to pain or other factors related to the ante-mortem tooth loss visible on the right side (maxillary 3rd molar and maxillary canine) of the maxilla. Linear enamel hypoplasia and other enamel defects could not be analysed due to the extensive and severe supra- and subgingival calculus cover extending across all teeth on both the maxilla and mandible. Furthermore, the alveolar resorption was considerable with extensive root exposure, indicating advanced periodontal disease, a condition that increases with

age and in response to chronic inflammation, such as that which occurs with large calculus deposits. The individual also presented with pronounced bilateral mandibular torus, a non-metric trait seen in over 50% of the Icelandic skeletal collection (with historical estimates as high as 81%). Comparably high rates of this non-metric trait have otherwise been reported in the Native Greenlandic population, the Norse Greenlanders, Medieval Norwegians, and historical Japanese populations. The trait is still common in Iceland today.

Few of the bones could be assessed for pathological skeletal changes. However, the left tibia exhibited soft tissue ossification on the lateral-distal aspect of the shaft and epiphysis, or articulation with the medial malleolus of the fibula. The soft tissue changes extend superiorly onto the interosseous crest. These new bone formations may have resulted from a traumatic event occurring around the ankle, but numerous other aetiologies could also be at play. It is nonetheless of interest to consider bone changes that occurred around the ankle in context with the historical descriptions of the individual, which suggest that he was overweight and had limited mobility at the time of death.

The individual had pronounced meningeal groves extending from the endocranial base of the left temporal petrous portion, channeling posteriorly, and ending at a circular region of thin parietal bone (approximately around the location of typical parietal foramina). On both the right and left parietals, the circular regions of thin parietal bone are situated 1.5 cm distal to the coronal suture (right 3.5 cm x 2 cm/left 1.5 cm x 1 cm). Additionally, arachnoid granulations (>5) can be observed on the endocranial aspects of the parietals and frontal bone. The combination of these endocranial changes may possibly be explained by increased age.

The presence of completely ossified thyroid cartilage, osteoarthritis in the cervical and thoracic spine, and the endocranial changes, provide secondary indicators of age at death, considering the absence of skeletal elements typically used for anthropological age estimation (e.g., auricular surface, pubic symphysis), beyond dental attrition. For example, thyroid cartilage often begins ossification in the age range of 20-40 and normally completes ossification around or after the age of 65. Historical records show that the individual was 71 years of age at the time of death.

Viðauki 3

Jarðfundin leirker á Þingeyrum 2022

Jakob Orri Jónsson

Aðferðir

Jarðfundin leirkersbrot við uppgröft á Þingeyrum sumarið 2022 voru í heildina 272. Við athugun á þessum leirkersbrotum voru þau greind fyrst eftir leirgerð og framleiðslutækni í leirkershópa (e. *ware group*) og svo í leirkeragerð (e. *ware*). Þar sem það var mögulegt voru leirkersbrotin svo greind frekar eftir skreyti og hverskonar íláti brotið kom úr. Vegna stærðar brotann er oft aðeins hægt að greina ílát til nytjahóps (e. *vessel group*), þ.e. hvort leirkerið var eldunarílát, geymsluílát eða borðbúnaður, en ekki nákvæmlega til formgerðar (e. *vessel form*).

Leirkershópar byggja á einföldari gerðfræðilegri greiningu sem skiptir leirkersbrotum í einn af sex leirkershópum (sjá má dæmi um þessa flokka og nánar um þá í Gavin Lucas, Ágústa Edwald Maxwell og Jakob Orri Jónsson, 2020):

- Óglerjaður jarðleir eru leirker sem hafa rauðan leir og hafa ekki haft glerung. Slík leirker eru yfirleitt ekki nýtt við matargerð, geymslu eða framleiðslu. Mjög oft eru þetta blómapottar.
- Blýglerjaður jarðleir eru leirker sem hafa glerung með viðblönduðu blýi. Slík leirker eru mjög algeng frá miðöldum og eru oftast eldunarílát en finnast einnig borðbúnaður, þá yfirleitt skreytt með hornmálningu og/eða viðbættu járn- eða koparoxíði í glerungin til að lita hann.
- Steinleir eru leirker sem hafa verið brennd við mjög háan hita og eru leir þeirra vegna þessa mjög harður, líkt og steinn. Leirker úr steinleir voru glerjuð með saltglerung allt fram til 19. aldar og voru oftast nýtt sem geymsluílát eða borðbúnaður vegna þess hve vel þau halda vökva. eru flest steinleirs ílát því könnur, flöskur og krukur. Steinleir þekkist frá lokum 13. aldar og er til í mörgum gerðum sem yfirleitt eru kenndar við framleiðsluhéruð í Rínardölum.
- Tinglerjaður jarðleir eru leirker sem hafa hvítan leir og er yfirleitt skipt í tvær undirgerðir; majolica og faience eða fajans. Majolica er eldri, berst til Norður Evrópu á 15. öld og eru yfirleitt þynnri með mattari glerung en faience, með tin-glerung ofan á og óglerjað eða blýglerung neðan á. Faience er yfirleitt með þykkum, glansandi hvítum glerung á öllu ílátinu. Hjá báðum gerðum er leirinn yfirleitt frekar mjúkur og ílátin yfirleitt skreytt með handmáluðu skreyti.
- Verksmiðjuframleiddur hvítleir kemur til eftir árið 1750 og varð fljótt vinsælasta gerð leirkerja. Verksmiðjuframleiddi hvítleirinn er hvítur eða kremadur að lit og harður með þunnum glerung. Ílát af þessum hóp eru yfirleitt borðbúnaður og oftast en ekki skreyttur á mjög margvíslegan máta.
- Postulín á uppruna sinn í Japan og Kína og byrjar að berast til Íslands á 17. öld. Postulín er þunnt og hart, og er yfirleitt mikið skreytt. Flest postulín sem finnst á Íslandi eru tebollar og önnur ílát tengd tedrykkju.

Meðfram þessum greiningum voru leirkersbrotin greind til minnsta mögulega fjölda íláta (e. *minimum number of vessels* eða *MNV*). Við þessa greiningaraðferð eru öll brot skoðuð og hópuð eftir því hvort þau gætu verið úr sama íláti. Þessi greiningaraðferð er talin gefa af sér nákvæmari gögn en margar aðrar aðferðir og leiðir til betri túlkunar á raunverulegri nýtingu íláta (Voss og Allen, 2010, bls. 8). Fyrst var leitað eftir öllum brúnarbrotum í leirkerssafninu og þau mæld. Önnur brot voru þá hópuð byggt á leirgerð, glerjung og skreyti. Sá fjöldi íláta sem til verður úr þessum greiningum er minnsti mögulegi fjöldi íláta og rétt að benda á að fjöldi leirkerja sem var í raun til staðar á staðnum hafi verið mun hærri. Sérstaklega á þetta við um leirkershópa og -gerðir sem voru lítið skreyttar, t.d. rauðleirspotta, þar sem lítið er til að aðgreina lítil brot hvert frá öðru.

Greining

Líkt og þegar hefur komið fram fundust 272 leirkersbrot við uppgröftinn. Mikill meirihluti þessara brota fundust í yfirborðslögum og í tengslum við ungar minjar. Skipting brotanna eftir leirkershópum ber þess merki en 240 brotanna voru verksmiðjuframleiddur hvítleir. Af steinleir voru 13 brot, blýglerjuðum jarðleir voru tíu, fjögur brot voru af hvoru tinglerjuðum og óglerjuðum jarðleir og eitt postulínsbrot fannst.

Niðurstöður greiningar á leirkerjum til minnsta mögulega fjölda íláta leiddu í ljós að minnsta kosti 63 ílát, sjá töflu 1. Langflest þessara íláta eru frá 19. öld eða síðar, og var hverju íláti gefið númer. Mikill meirihluti þessara íláta er úr verksmiðjuframleiddum leir, eða 51. Öll fundust þessi ílát í yfirborðslögum, úr uppkasti frá fyrri árum, eða í efstu lögum uppgrafter. Í öllum tilvikum finnast brotin í tengslum við 19. aldar bygginguna á svæði D eða öskuhaug á svæði E.

Tvö dæmi er um að brot úr sama greinda ílátinu finnist á

bæði svæði D og E, en það eru ílát #41 og #46 sem bæði eru úr verksmiðjuframleiddum leir. Í báðum tilvikum eru brot frá svæði E sótug en ekki brotin frá svæði D. Bendir þetta til að ílátið hafi mögulega brotnað í 19. aldar byggingunni, lent þar í eldstæði og þaðan verið hent í öskuhauginn á svæði E.

Skreyti á verksmiðjuframleiddu ílátunum er margvíslegt en handmálað skreyti, svampþrykkt skreyti (e. *cut sponge*) og málmlitað skreyti (e. *lustre*) er allt til staðar. Seinni tvær skreytingaaðferðirnar verða aðeins algengar eftir um 1840, sem bendir sterklega til þess að 19. aldar byggingin sé frá síðari hluta aldarinnar.

Leirkershópur	M NV
Óglerjaður jarðleir	1
Blýglerjaður jarðleir	4
Steinleir	4
Tinglerjaður jarðleir	2
Verksmiðjuframleiddur jarðleir	5 1
Postulín	1
Heild:	6 3

Tafla 1: Minnsti mögulegi fjöldi íláta eftir leirkershóp

Nytjahópur	N
	NV
Eldunarílát	2
Borðbúnaður	4
	4
Geymsluílát	1
Óþekkt	1
	6
Heild:	6
	3

Tafla 2: Minnsti mögulegi fjöldi íláta eftir nytjahóp

fyrir víst um tvö þeirra (#71 og 79). Erfitt er að segja til um aldur rauðleirs íláta en út frá fundarsamhengi virðast tvö þessara íláta vera í nýtingu í 19. aldar byggingunni eða stuttlega fyrr, en brot tveggja ílátanna (#52 og #71) finnast í yfirborðslögum svæðis D. Hin tvö eru líklega eitthvað eldri en eitt ílát (#79) finnst í moldarlagi [26958] á svæði E, og seinasta ílátið fannst í fyllingu mögulegrar grafar [27839].

Tvö steinleirs ílát voru greind úr brotum af svæði E og eru bæði ungur steinleir. Annað þeirra (#49) er úr verksmiðjuframleiddum steinleir (e. *refined stoneware*) sem að mestu er hætt að framleiða á 19. öld. Hitt ílátið (#50) er af svokallaðri „hagnýtri“ gerð (e. *utility type*) með glansandi glerung. Slík ílát voru yfirleitt ætluð til geymslu á matvælum, svo sem marmelaði, og koma til eftir um 1830. Tvö ílát var hægt að greina af svæði D en annað þeirra (#73) var þó svo eldskemmt að ekki er hægt að segja meira en að það hafi gerð sem framleidd var í Rínarlöndum frá 13. öld en verða sjaldgæf eftir aldamótin 1900. Seinasta steinleirs ílátið (#83) var brot af Westerwald gerð, skreytt með ígröfnum blómablöðum og kóbalt bláum lit sem mjög er einkennandi fyrir þessa gerð. Að öllum líkindum er brotið úr könnu eða flösku en það er þó svo lítið að ekki er hægt að segja til um form þess. Það fannst í fyllingu mögulegrar grafar [28300] og líkt og fyrra ílátið (#73) voru slík ílát framleidd í mjög langan tíma, svo erfitt er að segja til um aldur þess.

Tinglerjuðu ílátin tvö eru bæði af faience gerð og eru bæði líklega diskar, þó að brotin séu það smá að ekki er hægt að segja um formgerð þeirra með vissu. Brot annars ílátsins (#75) fundust í yfirborðslögum svæðis D sem bendir til fremur ungs aldurs en faience leirker verða sjaldgæf eftir um 1800. Hitt ílátið (#78) er af svæði E og koma öll brot þess úr moldarlagi [26150] sem getur bent til tímasetningar fyrir það lag á 17. eða 18. öld.

Brot bæði postulíns ílátsins og ílátsins úr óglerjaða jarðleirnum fundust í yfirborðslögum á svæði D. Postulíns ílátið (#72) er eitt brot sem fannst á svæði D í yfirborðslögum og er það tebolli. Óglerjaða jarðleirs ílátið (#89) er úr rauðum jarðleir og er að öllum líkindum blómapottur.

Blýglerjuðu jarðleirs ílátin fjögur eru öll úr rauðleir og öll illa farin og með lítið eftir af glerungnum. Að öllum líkindum eru þau öll fjögur úr eldunarílátum en aðeins er hægt að segja það

Niðurstöður

Mikill meiri hluti leirkerjasafnsins frá Þingeyrum 2022 kemur úr einingum tengdum 19. aldar byggingunni við svæði C og D, sem og úr yfirborðslögum á svæði E tengdum öskuhaug sem var að hluta til grafinn upp sumari 2021. Bendir gerðfræði verksmiðjuframleidda jarðleirsins til þess að þessi bygging hafi staðið á síðari hluta 19. aldar eða jafnvel á fyrri hlutar hinnar 20. Að sama skapi bendir mikill fjöldi borðbúnaðar til þess að matar hafi verið neytt í 19. aldar byggingunni. Fæð eldunaríláta þýðir ekki endilega að matur hafi ekki verið eldaður á staðnum en líklegt er að hann hafi frekar verið eldaður í málm-pottum.

Lítið er um eldri leirker sem ætti ekki að undra, að gefnu helsta hlutverki uppgraftarsvæðisins sem grafreitur, en leirker finnast yfirleitt í tengslum við byggingar, helst íbúðarhús eða eldhús, eða þá í öskuhaugum, líkt og er reyndin á svæði E.

Heimildaskrá

Gavin Lucas, Ágústa Edwald Maxwell og Jakob Orri Jónsson. (2020). Jarðfundin leirker á Íslandi. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 109 (2020), bls. 131-154.

Voss, B.L. og Allen, R. (2010). Guide to Ceramic MNV Calculation Qualitative and Quantitative Analysis. *Technical Briefs in Historical Archaeology*, 5, bls. 1-9.

Viðauki 4

Niðurstöður C-14 greininga



Beta Analytic
TESTING LABORATORY

Beta Analytic, Inc.
4985 SW 74th Court
Miami, FL 33155 USA
Tel: 305-667-5167
Fax: 305-663-0964
info@betalabservices.com

ISO/IEC 17025:2017-Accredited Testing Laboratory

REPORT OF RADIOCARBON DATING ANALYSES

Steinunn Kristjansdóttir
University of Iceland

Report Date: February 13, 2023
Material Received: January 24, 2023

Laboratory Number	Sample Code Number	Conventional Radiocarbon Age (BP) or Percent Modern Carbon (pMC) & Stable Isotopes
-------------------	--------------------	---

Beta - 654178	2022-6-133	800 +/- 30 BP IRMS $\delta^{13}C$: -21.5 o/oo IRMS $\delta^{15}N$: +3.0 o/oo
----------------------	-------------------	--

(93.6%)	1210 - 1278 cal AD	(740 - 672 cal BP)
(1.8%)	1180 - 1188 cal AD	(770 - 762 cal BP)

Submitter Material: Tooth
Pretreatment: (tooth collagen) collagen extraction; with alkali
Analyzed Material: Tooth collagen
Analysis Service: AMS-Standard delivery
Percent Modern Carbon: 90.52 +/- 0.34 pMC
Fraction Modern Carbon: 0.9052 +/- 0.0034
D14C: -94.79 +/- 3.38 o/oo
 $\Delta^{14}C$: -102.75 +/- 3.38 o/oo (1950:2023)
Measured Radiocarbon Age: (without $\delta^{13}C$ correction): 740 +/- 30 BP
Calibration: BetaCal4.20: HPD method: INTCAL20
Carbon/Nitrogen: CN : 3.2 %C: 41.54 %N: 15.30

Results are ISO/IEC-17025:2017 accredited. No sub-contracting or student labor was used in the analyses. All work was done at Beta in 4 in-house NEC accelerator mass spectrometers and 4 Thermo IRMSs. The "Conventional Radiocarbon Age" was calculated using the Libby half-life (5568 years), is corrected for total isotopic fraction and was used for calendar calibration where applicable. The Age is rounded to the nearest 10 years and is reported as radiocarbon years before present (BP), "present" = AD 1950. Results greater than the modern reference are reported as percent modern carbon (pMC). The modern reference standard was 95% the ^{14}C signature of NIST SRM-4990C (oxalic acid). Quoted errors are 1 sigma counting statistics. Calculated sigmas less than 30 BP on the Conventional Radiocarbon Age are conservatively rounded up to 30. $\delta^{13}C$ values are on the material itself (not the AMS $\delta^{13}C$). $\delta^{13}C$ and $\delta^{15}N$ values are relative to VPDB. References for calendar calibrations are cited at the bottom of calibration graph pages.



REPORT OF RADIOCARBON DATING ANALYSES

Steinunn Kristjansdottir
University of Iceland

Report Date: February 13, 2023
Material Received: January 24, 2023

Laboratory Number	Sample Code Number	Conventional Radiocarbon Age (BP) or Percent Modern Carbon (pMC) & Stable Isotopes	
-------------------	--------------------	--	--

Beta - 654179	2022-6-183	900 +/- 30 BP	IRMS δ13C: -21.1 o/oo IRMS δ15N: +4.1 o/oo
	(60.5%) 1116 - 1219 cal AD	(834 - 731 cal BP)	
	(34.9%) 1042 - 1108 cal AD	(908 - 842 cal BP)	

Submitter Material: Bone (Non-heated)
Pretreatment: (bone collagen) collagen extraction; with alkali
Analyzed Material: Bone collagen
Analysis Service: AMS-Standard delivery
Percent Modern Carbon: 89.40 +/- 0.33 pMC
Fraction Modern Carbon: 0.8940 +/- 0.0033
D14C: -105.99 +/- 3.34 o/oo
Δ14C: -113.85 +/- 3.34 o/oo (1950:2023)
Measured Radiocarbon Age: (without d13C correction): 840 +/- 30 BP
Calibration: BetaCal4.20: HPD method: INTCAL20
Carbon/Nitrogen: CN : 3.3 %C: 41.83 %N: 14.88

Results are ISO/IEC-17025:2017 accredited. No sub-contracting or student labor was used in the analyses. All work was done at Beta in 4 in-house NEC accelerator mass spectrometers and 4 Thermo IRMSs. The "Conventional Radiocarbon Age" was calculated using the Libby half-life (5568 years), is corrected for total isotopic fraction and was used for calendar calibration where applicable. The Age is rounded to the nearest 10 years and is reported as radiocarbon years before present (BP), "present" = AD 1950. Results greater than the modern reference are reported as percent modern carbon (pMC). The modern reference standard was 95% the 14C signature of NIST SRM-4990C (oxalic acid). Quoted errors are 1 sigma counting statistics. Calculated sigmas less than 30 BP on the Conventional Radiocarbon Age are conservatively rounded up to 30. d13C values are on the material itself (not the AMS d13C). d13C and d15N values are relative to VPDB. References for calendar calibrations are cited at the bottom of calibration graph pages.



Quality Assurance Report

This report provides the results of reference materials used to validate radiocarbon analyses prior to reporting. Known-value reference materials were analyzed quasi-simultaneously with the unknowns. Results are reported as expected values vs measured values. Reported values are calculated relative to NIST SRM-4990C and corrected for isotopic fractionation. Results are reported using the direct analytical measure percent modern carbon (pMC) with one relative standard deviation. Agreement between expected and measured values is taken as being within 2 sigma agreement (error x 2) to account for total laboratory error.

Report Date: February 13, 2023
Submitter: Dr. Steinunn Kristjansdottir

QA MEASUREMENTS

Reference 1

Expected Value: 0.44 +/- 0.04 pMC
Measured Value: 0.43 +/- 0.04 pMC
Agreement: Accepted

Reference 2

Expected Value: 129.41 +/- 0.06 pMC
Measured Value: 128.95 +/- 0.40 pMC
Agreement: Accepted

Reference 3

Expected Value: 96.69 +/- 0.50 pMC
Measured Value: 97.43 +/- 0.33 pMC
Agreement: Accepted

COMMENT: All measurements passed acceptance tests.

Validation:



BE Angell
Digital signature on file

Date: February 13, 2023